

415. mál.

**Umsagnir um frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96.)

**Eftirfarandi aðilar leggja til/krefjast þess að frumvarpið verði dregið til baka eða vísa til umsagna annarra félaga eða félagasambanda:**

Alþýðusamband Íslands, Sjómannafélag Reykjavíkur og Verkamannafélagið Dagsbrún, Útgerðarfélag Akureyringa, Starfsmannafélag Sauðárkróks, Sveinafélag járníðnaðarmanna, Félag járníðnaðarmanna, Verslunarmannafélag Húnavetninga, Alþýðusamband Austurlands, Vélstjórafélag Íslands, Trésmiðafélag Reykjavíkur, Samtök iðnaðarins, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Bandalag háskólamanna, Sveinafélag málmíðnaðarmanna, Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar, Verslunarmannafélag Húnavetninga, Starfsmannafélag Kópavogs, Samband veitinga- og gistihúsa, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Iðjuþjálfafélag Íslands, Mjólkurfræðingafélag Íslands, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, Verkalýðsfélagið Samherjar, Bakararveinafélag Íslands, Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna, Félag framreiðslumanna, Verslunarmannafélag Rangárvallasýslu, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Félag matreiðslumanna, Verkalýðsfélagið Baldur, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélagið Súgandi, Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, Sveinafélag byggingamanna, Verkalýðsfélagið Skjöldur, Verkalýðsfélagið Brynja, Vélstjórafélag Ísafjarðar, Sjómannafélag Ísfirðinga, Félag bókagerðarmanna, Sjómannasamband Íslands, Sjómannafélag Grindavíkur, Málarafélag Reykjavíkur, Iðnsveinafélag Fljótsdalshéraðs, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Sjúkrliðafélag Íslands, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verkamannafélagið Fram, Verkalýðsfélag Fljótsdalshéraðs, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Verslunarmannafélag Vestur-Húnavatnssýslu, Verslunarmannafélag Akraness, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar, Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Starfsmannafélag Borgarbyggðar, Byggingamannafélagið Árvakur, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Flugleiðir, Þjónustusamband Íslands, Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina, Verkalýðsfélag Akraness, Stéttarfélag sjúkráþjálfara, Stéttarfélag lögfræðinga, Starfsmannafélag Selfoskaupstaðar, Verkalýðsfélagið Víkingur, Verkamannasamband Íslands, Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði, Samband iðnfélaga, Meinatæknafélag Íslands, Biliðnafélagið, Verkalýðsfélagið Fram, Verkalýðsfélag Borgarness, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Landsamband lögreglumanna, Tollvarðafélag Íslands, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Landssamband íslenskra verzlunarmanna, Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps, Verkalýðsfélag Borgarfjarðar eystri, Verkalýðsfélag Norðfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi, Verkalýðs- og sjómannafélag Vopnafjarðar, Verkalýðsfélag Raufarhafnar, Verkalýðs- og sjómannafélag Breiðdælinga, Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins,

Verkalýðsfélögin Afturelding á Hellissandi, Jökull í Ólafsvík, Stjarnan í Grundarfirði og Verkalýðsfélag Stykkishólms, Iðnsveinafélag Suðurnesja, Verkalýðs- og sjómannafélagið Grettir, Félag íslenskra leikskólakennara, Kaupmannasamtök Íslands, Verkalýðsfélagið Boðinn, Verkamannafélagið Hlíf, Verkalýðsfélagið Báran, Verkalýðsfélagið Rangæingur, Verslunarmannafélag Árnessýslu, Verslunarmannafélag Ísafjarðar, Félag blikksmiða, Verkalýðsfélagið Jökull, Austur-Skaftafellssýslu, Félag starfsmanna stjórnarráðsins, Íslenska járnblendifélagið, Félag íslenskra símamanna, Verkalýðsfélagið Þór, Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Austurlands, Verkalýðsfélagið Vaka, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri, Verkalýðsfélagið Valur, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Verkalýðsfélag Hólmavíkur, Félag byggingamanna Eyjafirði, Félag starfsfólks í veitingahúsum, Sunniðn, sunnlenska iðnfélagið, Starfsmannafélag Seltjarnarness, Kjaradeild, félags ísl. félagsvísindamanna, Starfsmannafélag Kópavogs, Félag fréttamanna, Póstmannafélag Íslands, Bifreiðafélagið Sleipnir, Verkalýðsfélagið Hvöt, BSRB, Verkalýðsfélag A-Húnvetninga, Flugvirkjafélag Íslands, Verkalýðsfélagið Þór, Starfsmannafélag Húsavíkur, Félag opinberra starfsmanna Vestfjörðum, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannafélagið Jötunn, Starfsmannafélag Sjónvarpsins, Flugfreyjufélag Íslands, Verkalýðsfélagið Eining, Verkakvennafélagið Snót, Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum, Iðja, félag verksmiðjufólks, Landssamband iðnverkfólks, Kennarafélag KHÍ, Aðildarfélög BSRB í Skagafirði, Kennarar og trúnaðarmenn í Fjölbrotaskóla Breiðhólts, Starfsmannafélag Kvennaskólans í Reykjavík, Verkamannafélagið Árvakur, Rafiðnaðarsamband Íslands, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélagið Sókn, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Verkamannasamband Íslands, Eimskip, Landssamband slökkviliðsmanna, Bílgreinasambandið, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Landssamband íslenskra rafverktaka, Múrarasamband Íslands, Múrarafélag Reykjavíkur, Félag háskólakennara, Bláðamannafélag Íslands, Verkakvennafélagið Aldan.

## ALMENNAR ATHUGASEMDIR.

### Alþýðusamband Íslands:

Miðstjórn ASÍ lýsir fullkominni andstöðu við frekari þinglega meðferð framkomins frv. um breytingar á vinnulöggjöfinni og krefst þess að samningsaðilar vinnumarkaðar fái svigrúm til þess að gera frjálsa samninga um samskiptareglur sín á milli.

Sjá nánar ítarlegar athugasemdir ASÍ við einstakar greinar frv. og í umsögn sambandsins umfjöllun um alþjóðlegar skuldbindingar um félagafrelsi og starfsemi stéttarféлага bls. 14-15, yfirfærslu danskra reglna bls. 15-16, vinnustaðafélög (vinnustaðasamninga) bls. 17-18, atkvæðagreiðslureglur um boðun vinnustöðvana og afgreiðslu kjarasamninga bls. 18-22, verkfallsheimildina bls. 22-23, og vald einstaklingsins í stéttarfélagunum bls. 23-24.

Einnig sendi ASÍ ályktanir samþykktar á fundum ýmissa verkalýðsfélaga innan sambandsins viðs vegar um landið eftir að frumvarpið var lagt fram.

### Vinnuveitendasamband Íslands:

Þótt Vinnuveitendasamband Íslands telji að ýmislegt mætti betur fara í frv. er það ótvíræð niðurstaða að efni þess er til bóta og til þess fallið að stuðla að friðsamlegri

samskiptum á vinnumarkaði. VSÍ styður því frv. og beinir þeim tilmælum til nefndarinnar að gaumgæfa athugasemdir samtakanna ef á annað borð á að hrófla við fyrirliggjandi tillögum þessa mikilvæga stjórnarfrumvarps.

VSÍ telur nauðsynlegt að vekja athygli nefndarinnar á því að í öllum þorra gildandi kjarasamninga eru ákvæði sem kveða á um forgang félagsmanna hlutaðeigandi stéttarfélaganna til starfa hjá þeim atvinnurekendum sem samningurinn tekur til. Í allnokkrum samningum eru bein ákvæði um aðildarskyldu starfsmanna að stéttarfélögum. Þetta eru ákvæði sem knúin hafa verið inn í kjarasamninga fyrir mörgum árum og standa þar áfram séu þau ekki formlega felld niður með nýjum samningsákvæðum. Fyrir liggur að stéttarfélögin gefa engan kost á að fella þessi ákvæði út og hlyti því að koma til meiri háttar átaka á vinnumarkaði ef VSÍ vildi freista þess að knýja fram breytingar með átökum.

Þótt samtökin láti margvísleg mál til sín taka sem horft geta til framfara er ekki líklegt að vilji verði til þess að leggja niður atvinnurekstur um langt skeið til að tryggja starfsmönnum rétt til atvinnu án þess að þvinga þá til þátttöku í tilteknum félögum. Þau mannréttindi verða aðrir að tryggja og þá fyrst og fremst löggjafinn. VSÍ telur því að eðlilegt væri að kveða skýrt á um það í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur að óheimilt sé að gera það að skilyrði fyrir vinnu að menn greiði félagsgjöld til tiltekinna félaga eða gangi í félög nema þeir sjálfir kjósi. Ríkjandi ástand er í beinni andstöðu við alþjóðasamninga sem löggjafinn hefur staðfest. Það stendur því engum nær að aflétta því með beinum aðgerðum.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að atvinnurekendum er með beinum lagafyrirmælum gert að innheimta gjöld til stéttarfélaganna af starfsmönnum sínum eftir nánari ákvörðun í kjarasamningum. Þar er aftur vísað til ákvarðana félaganna sjálfra, sem þannig hafa lögvarinn rétt til að ganga í launaumslög fyrir milligöngu atvinnurekenda. Engin takmörk eru fyrir því hversu hátt iðgjald stéttarfélag getur innheimt af starfsmönnum samkvæmt þessum ákvæðum. Það gæti þess vegna verið 10% en er þó yfirleitt lægra eða nálægt 1% af öllu kaupi. Einstaka félög hafa þó ákveðið mun hærra iðgjald og þá m.a. til þess að safna í sjóð til að auðvelda næsta verkfall. Þannig ákvað t.d. eitt stórt félag opinberra starfsmanna sl. haust að hækka verulega félagsgjöld í þessu skyni. Félagsmennirnir voru hvergi spurðir og fjármálaráðherra leggur á og innheimtir skilvíslega þennan skatt af öllum þeim sem starfa á viðkomandi sviði, hvort sem þeir eru í félaginu eða ekki.

Hvernig þetta samræmist ákvæðum stjórnarskrár, m.a. um skattheimtuvaldið, hlýtur að vera flókið viðfangsefni.

#### **Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Það er álit okkar að jafnt frv. í heild sem einstakar greinar þess feli í sér ólögmet höft og takmarkanir og brjóti í bága við grundvallarréttindi stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra. Löggjöf í anda frv. verður ekki sett nema það teljist nauðsynlegt til verndar réttindum og frelsi annarra eða til verndar almannabagsmunum, öryggi þjóðarinnar, heilsu og siðgæði almennings, eins og fram kemur í 31. gr. félagsmálasáttmála Evrópu, sbr. einnig 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Slík nauðsyn hefur engan veginn verið rökstudd. Þvert á móti má færa veigamikil rök fyrir því að núverandi samskiptareglur hafi reynst farsælar, að minnsta kosti síðustu 10 til 15 ár, sem endurspeglast í

kjarasamningum sem skapað hafa festu í efnahagsmálum. Frv. stefnir þeirri þróun í voða og er afturhvarf til fyrri áratuga þessarar aldar þegar stéttarfélög háðu baráttu fyrir frumréttindum sínum. Frv. er vægast sagt vanhugsað og lagalega götött þannig að samningsaðilum verður í lófa lagið með löglegum aðferðum að sniðganga tilgang frv. og riðla framkvæmd laganna með þeim afleiðingum að núgildandi lög verði aftur óskabarn ríkisvalds og samtaka atvinnurekenda. Meint réttindi og frelsi annarra eða almannahagsmunir réttlæta alls ekki þau fjandsamlegu afskipti ríkisvaldsins með frv. af innri málum og skipulagi stéttarfélaganna. Frv. hefur þegar skapað mikla ólgu sem ekki sér fyrir endann á. Lögfesting þess gegn vilja félaganna mun á engan hátt leysa þau vandamál sem frumvarpshöfundar telja að blasi við. Þvert á móti mun það í bráð og lengd torvelda gerð kjarasamninga og leggja grunn að harðvítugum og langvinnnum kjaradeilum og verkföllum, málaferlum og öðrum skærum. Vilji ríkisvaldið í skjóli þingmeirihluta víkja af braut núgildandi vinnulöggjafar og samskipta og hafa afskipti af innri málum og skipulagi félaganna í anda frv. felur það í sér stríðsyfirlýsingu. Þeirri stríðsyfirlýsingu munu undirrituð félög svara með öllum tiltækum ráðum á næstu missirum og árum. Félögin krefjast þess að frv. verði dregið til baka nú þegar og að samningsaðilar semji sjálfir um samskiptareglur sín á milli.

#### **Bandalag háskólamanna:**

Bandalag háskólamanna mótmælir frv. og leggur til að það verði dregið til baka. Meginrökin fyrir þessari afstöðu eru eftirfarandi:

1. Frv. felur í sér afskipti af stofnun og gerð stéttarfélaganna á almennum vinnumarkaði. Fordæmi fyrir slíku eru lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Löggjafanum ber að forðast slík afskipti, enda stríða þau gegn 74. gr. stjórnarskrár Íslands og anda 87. og 98. samþykktu Alþjóðavinnuáráðs Íslands.

2. Frv. felur í sér alvarleg afskipti af innri málefnum stéttarfélaganna varðandi umboð samningamanna þeirra og fyrirkomulag á ákvarðanatöku um samþykkt kjarasamninga og ákvarðanir um boðun verkfalls eða frestun þess. Fordæst ber að setja lög um innri málefni félaganna í lýðræðisþjóðfélagi heldur láta frjálsu félögum eftir slíkar ákvarðanir og ábyrgð á þeim gagnvart félagsmönnum og gagnaðilum. Frv. stríðir auk þess gegn anda 87. og 98. samþykktu Alþjóðavinnuáráðs Íslands.

3. Frv. leiðir til aukinnar miðstýringar á vinnumarkaði með því að leggja öllum stéttarfélögum á herðar að semja við vinnuveitendur um viðræðuáætlanir og viðræðuferil, stýra öllum stéttarfélögum inn í einn viðræðufarveg og veita sáttasemjara viðtækar heimildir til að þvinga fram samtímalausnir á öllum lausum kjarasamningum. Þannig vegur frv. að frjálsu samningsrétti einstakra stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra. Nái þessi ákvæði fram að ganga, þ.e. breytingar á ákvæðum um sáttastörf í vinnudeilum, getur það leitt til þess að stéttarfélög háskólamanna verði í raun algerlega svipt samningsrétti. Það stríðir gegn ákvæðum 74. gr. stjórnarskrár Íslands og anda 87. og 98. samþykktu Alþjóðavinnuáráðs Íslands.

Sjá nánar umfjöllun við einstakar greinar frumvarpsins.

#### **Vinnuáráðsambandið:**

Gagnrýnt hefur verið að gert er ráð fyrir mismunandi vægi atkvæða eftir því um hvað er verið að greiða atkvæði. Það geti jafnvel valdið misskilningi hjá þeim sem eftir lögunum eiga að fara. Hér verður fallist á að taka megi tillit til þessarar gagnrýni enda

verði það til þess að í heild verði kröfurnar um þátttöku í atkvæðagreiðslu strangari. Breytingar mætti því gera á:

1. gr., þar sem fram kemur að „nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá ...“

4. gr., þar sem stendur „þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti að styðja tillögu um vinnustöðvun.“

4. gr., þar sem stendur „... a.m.k. fimmtungur atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta atkvæða.“

6. gr. (j-lið) Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða, og þá minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá, er móatkvæði.

Í öllum þessum tilvikum mætti fella inn breytingu sem efnislega sé á þá leið að meiri hluti atkvæða ráði, enda sé þátttaka í atkvæðagreiðslu 50% eða meira af félagsmönnum samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá.

#### **Verslunarmannafélag Reykjavíkur:**

Í stuttu máli má segja að frv. feli í sér aukna miðstýringu m.a. með auknum völdum samninganefnda, hvetji til fjölgunar stéttarfélaga og misskipti vægi atkvæða félagsmanna eftir því hvaða skoðun þeir hafa. Öll þessi atriði hljóta að þurfa frekari skoðunar við og þá í samráði við þá sem þau beinast að.

Félagið er reiðubúið að skýra sjónarmið sín frekar fyrir nefndinni ef þess er óskað.

#### **Samtök iðnaðarins:**

Samtök iðnaðarins styðja í öllum meginatriðum efni frv. og eru þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að það nái fram að ganga. Samtök iðnaðarins vilja að öðru leyti vísa til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands um frv., en Samtökin eru stærsti aðilinn að Vinnuveitendasambandinu.

#### **Sveinafélag málmíðnaðarmanna og Iðnsveinafélag Suðurnesja:**

Fyrirliggjandi frv. er gróf íhlutun í málefni verkalýðshreyfingarinnar og í andstöðu við alþjóðasamþykktir sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Flestar greinar frv. eru til þess fallnar að rýra sjálfstæði stéttarfélaga og minnka áhrif einstakra félagsmanna í verkalýðsfélögunum. Ekkert í frv. hefur í för með sér þrengingar á heimildum atvinnurekenda og er frv. sniðið að kröfum samtaka atvinnurekenda í veigamiklum atriðum. Ekki er gætt jafnvægis á milli aðila eins og samþykktir Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar mæla fyrir um.

#### **Málarafélag Reykjavíkur:**

Í frv. er reiknað með því að heildarsamtök á vinnumarkaði, væntanlega ASÍ og VSÍ, undirbúi kjaraviðræður. Með þessum ákvæðum er verið að færa undirbúning kjarasamninga á eina hendi. Endanlegt vald er fært frá grunneiningunum - stéttarfélögunum - til heildarsamtaka. Eftir sem áður verður ábyrgðin hjá stéttarfélögunum. Fyrir utan miðstýringuna sem þetta hefur í för með sér virðist stefnt að verklagi sem er nánast óframkvæmanlegt.

**Sjómannafélag Ólafsfjarðar:**

Stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar telur að fyrirbyggjandi frv. sé áráð á verkalýðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann. Flestar hugmyndir í frv. rýra sjálfstæði stéttarfélag og minnka völd einstaklinganna í verkalýðsfélögunum, þvert á það sem tillöguhöfundar segjast stefna að.

**Samband íslenskra bankamanna:**

SÍB telur að skýrar þurfi að kveða á um hvort ákvæði í frv. taki til eða breyti þeirri framkvæmd sem núverandi reglur um kjarasamningagerð bankamanna gera ráð fyrir.

**Fjármálaráðuneyti - starfsmannaskrifstofa:**

Um kjarasamningagerð opinberra starfsmanna gilda sérstök lög nr. 94/1986, með síðari breytingum. Ákvæði þessara laga eru um margt frábrugðin að efni lögunum nr. 80/1938, t.d. fer viðurkenning stéttarfélags eftir hlutlægum skilyrðum, stéttarfélagsaðild er ekki skylda, forgangsréttarákvæði eru ekki í lögunum, ákvæði um atkvæðagreiðslu eru strangari og vissar hömlur lagðar á verkfallsrétt. Ákvæði þessi rekast ekki á tillögur téðs frv. en athygli er vakin á þeim hér svo nefndin hafi heildarsýn á leikreglum vinnuarkaðarins við umfjöllun sína um þetta 415. mál þingsins. Að gefnu tilefni skal hér sérstaklega bent á 2. t.l. 5. gr. laga nr. 94/1986, en með vísun til þeirra hafa tvö vinnustaðafélög verið stofnuð, Starfsmannafélag Alþingis og Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar.

**Verkalýðsfélögin á Snæfellsnesi:**

Við sem undir þessa umsögn ritum erum sammála þeirri skilgreiningu sem áður hefur fram komið að þetta ótímabæra frv. sem hér um ræðir hafi eftirfarandi í för með sér:

1. Andlýðræðislegar reglur um atkvæðagreiðslur.
2. Að það stuðli að fleiri, víðtækari og lengri verkföllum.
3. Að tiltekin stéttarfélög verði lögvernduð, sem er í andstöðu við samþykktir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar og félagafrælsisákvæði mannréttinda- og félagsmálasáttmála Evrópu.
4. Að sáttasemjara séu færð óeðlilega mikil völd.
5. Að lýðræðisleg réttindi félaga verkalýðshreyfingarinnar skerðist.

**Iðja, félag verksmiðjufólks Akureyri:**

Iðja, félag verksmiðjufólks Akureyri og nágrenni, mótmælir harðlega því frv. sem lagt hefur verið fram til breytinga á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur á sama tíma og aðilar vinnuarkaðarins voru í viðræðum um samskiptareglur sín á milli. Iðja harmar þá afstöðu sem fram kemur í téðu frv. ríkisstjórnarinnar. Frv. er gróf áráð á innri málefni stéttarféлага og má þar nefna t.d. a) skilgreining á hvað er stéttarfélag, b) atkvæðagreiðslur um samninga og verkföll, c) að völd sáttasemjara eru aukin óeðlilega mikið á kostnað hins almenna félagsmanns, d) meðferð samningsumboðs.

**Rafiðnaðarsamband Íslands:**

Í trúnaðarráð er kosið af félagsmönnum á vinnustöðum. Þar kemur fram sams konar fulltrúalýðræði og við þekkjum víða í lýðræðislegu samfélagi og er viðhaft t.d. á Alþingi. Þess vegna er með öllu óásættanlegt að leggja eigi þetta fyrirkomulag niður í

stéttarfélögunum og gera fámennar samninganefndir að æðstu stofnunum þeirra hvað varðar kjarasamninga. Hér er unnið að því að koma á sams konar einræði og ríkir hjá VSI. Fullyrðingar um að félagsmenn stéttarfélaga fái ekki að koma að ákvarðanatöku um gerð kjarasamninga í stéttarfélögunum og þess vegna þurfi að breyta lögum eru alþingismönnum ekki sæmandi og enn síður ráðherrum. Sama má segja um fullyrðingar að á Íslandi séu vinnudeilur tíðari en annars staðar, þar er farið með hrein og klár ósannindi.

#### **Eimskip:**

Almennt verður að telja að frv. sé jákvætt framfaraspor sem auki rétt félagsmanna einstakra vinnuveitenda sem launþega. Ákvörðun um verkfall og verkbann er afdrifarík. Því virðist krafa um fimmtings þátttöku félagsmanna vera mjög hógvær í því ljósi. Að öðru leyti er vísað til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands.

#### **Lögmannafélag Íslands:**

Laganefnd L.M.F.Í. hefur yfirfarið frv. og greinargerð sem því fylgir. Í frv. er leitast við að setja almennar og skýrar leikreglur sem ætlað er að tryggja frjálsa samninga á vinnumarkaði. Telur laganefnd æskilegt að fyrrgreindar reglur séu sem skýrastar og dragi þannig úr ágreiningi um fyrirkomulag vinnudeilna.

Að öðru leyti telur nefndin ekki á sínu færi að fjalla efnislega um þær reglur sem frv. mælir fyrir um.

#### **Ríkissáttasemjari:**

Embættinu hafa borist tilmæli nefndarinnar um að það veiti umsögn um frv. Þar sem ágreiningur er um frv. er ekki rétt að skrifleg umsögn berist frá embættinu enda er ætlast til þess að afstaða þess sem því gegnir sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda. Sé þess óskað mun ríkissáttasemjari hins vegar fúslega mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir hugsanlegum breytingum á framkvæmd sáttastarfa sem af frv. gætu leitt.

#### **Blaðamannafélag Íslands:**

Varðandi ákvæði frv. um vinnustaðasamninga er rétt að taka fram að í gildi eru á nokkrum vinnstöðum blaða- og fréttamanna sérstakir innanhússkjarasamningar en þeir eru í öllum tilfellum grundvallaðir á gerðum aðalkjarasamningi. Það er álit félagsins að stefna beri að gerð slíkra innanhússamninga á stærri vinnustöðum enda taki þeir ætíð mið af og grundvallist á fyrirliggjandi aðalkjarasamningi. Inngrip stjórnvalda er með öllu óásættanlegt og ekki hægt að líta á það með öðrum hætti en sem beina ögrun við tilverurétt sjálfstæðra stéttarfélaga.

#### **Íslenska álfélagið:**

Afstaða álfélagsins er sú að brýna nauðsyn beri til að færa lög um stéttarfélög og vinnudeilur til nútímalegra horfs. Frv. teljum við vera skref í þá átt og líklegt að með samþykkt þess yrði stuðlað að friðsamlegum samningum og dregið úr átökum á vinnumarkaði eins og segir athugasemdum með frv. Þetta er afar mikilvægt, ekki hvað síst í fjármagnsfrekum iðnaði eins og álframleiðslu.

Við ákvarðanir á fjárfestingu í iðnaði þar sem framleiða á sérhæfða vöru sem ekki er

fáanleg hvar sem er getur mat á rekstraröryggi oft ráðið úrslitum, en það ræðst ekki hvað síst af líkum á truflunum vegna átaka á vinnumarkaði.

Enda þótt e.t.v. hefði verið æskilegt að taka fleiri atriði til endurskoðunar er það þó eins og áður segir afstaða álfélagsins að fyrirbyggjandi frv. sé skref í rétta átt.

#### **Flugleiðir:**

Hjá Flugleiðum starfa nú héraendis samtals 1.417 starfsmenn sem dreifast á 28 mismunandi stéttarfélög með frá einum starfsmanni (Bíliðnafélagið og Verkalýðsfélagið Jökull) upp í 366 starfsmenn (Verslunarmannafélag Reykjavíkur). Samtals eru 80 starfsmenn Flugleiða utan stéttarfélaga, eða samsvarandi um 5,6% af heildarfjölda starfsmanna félagsins.

Flugleiðir telja fram komið frv. tvímælalaust vera skref í rétta átt, enda eru núverandi gömul lög á þessu sviði ekki lengur í samræmi við gjörbreytt efnahagsumhverfi nútíma atvinnulífs, sem á í aukinni samkeppni bæði hér innan lands og á alþjóðlegum mörkuðum.

Flugleiðir telja þó að ekki sé með nægjanlega markvissum hætti tekið á því óeðlilega mikla valdi sem tiltölulega litlir starfshópar hafa til að lama þýðingarmikla atvinnustarfsemi. Á það ekki síst við starfsemi á sviði samgangna hér innan lands og til og frá landinu. Þá verður að telja eðlilegt að sáttasemjara verði formlega veitt heimild til að fresta verkfalli í takmarkaðan tíma á meðan leitað er sátta í vinnudeilu.

#### **Helgi Tómasson, dósent:**

Hugleiðingar Helga Tómassonar, dósentis í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, byggja á reynslu hans sem starfsmanns kjararannsóknarnefndar kennara í viðskipta- og hagfræðideild HÍ og búsetu erlendis. Helgi fagnar því að menn skuli vera farnir að skoða vinnulöggjöfina eftir næstum 60 ár og telur löngu tímabært en fyrirbyggjandi frv. þurfi mikla og vandaða umfjöllun. Hann upplifir anda frv. sem jákvæðan en grunar að margir tæknilegir agnár leynist í þeim drögum sem fyrir liggja. Að öðru leyti vísast til hugleiðinga hans.

#### **Ríkisútvarpið:**

Heimir Steinsson útvarpsstjóri lítur svo á að breytingar sem fram koma í frv. séu almennt jákvæðar fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins og starfsöryggi þess. Sérstaklega sé athyglisverð breyting sem boðuð er í 2 mgr. 1. gr. Ríkisútvarpið sé það stór stofnun, með um 375 fastráðna starfsmenn, að verulegt hagræði væri í því fólgið að ganga frá kjarasamningum við starfsmenn í einu stéttarfélagi.

Heimir telur breytingar sem fram koma í 6. gr. frv. til þess fallnar að greiða fyrir úrlausn kjaradeilna.

Að öðru leyti telur hann að breytingar sem boðaðar eru í frv. horfi almennt til betri vegar.

#### **1. gr.**

2. gr. laganna orðast svo:

Stéttarfélag skal opið öllum sem uppfylla almenn skilyrði lögmætra samþykkt þess. Félagssvæði stéttarfélags má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.



Starfsmönnum fyrirtækis, þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn, er þó heimilt að stofna þar stéttarfélag, enda séu að lágmarki ¼ þeirra félagsmenn. Fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn.

#### **Alþýðusamband Íslands:**

Sjá umsögn sambandsins á bls. 17-18 og bls. 25-27.

#### **Vinnuveitendasamband Íslands:**

Í frv. er gert ráð fyrir að starfsmönnum stórra fyrirtækja sé heimilt að stofna sjálfstæð stéttarfélög ef 3/4 hlutar starfsmanna kjósa svo. Með þessari heimild virðist ætlunin að opna möguleika á því að allir starfsmenn stórra fyrirtækja komi að gerð eins og sama kjarasamningsins, en eins og kunnugt er hefur mikill fjöldi verkalýðsfélaga sem koma að starfsemi stærri fyrirtækja oft valdið erfiðleikum og átökum. VSÍ telur því að markmið um fækkun samningsaðila sé tvímælalaust af hinu góða og líkleg til að auðvelda samskipti á stórum vinnustöðum. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að vekja athygli á að gagnstæð viðhorf hafa verið ríkjandi að því er varðar starfsmannastefnu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt þar um gildandi lögum hefur stéttarfélögum fjölgað ár frá ári og sífellt fleiri hópar kljúfa sig út og stofna sjálfstæð stéttarfélög.

VSÍ óttast að skortur á samstöðu meðal starfsmanna í stærri fyrirtækjum, þar sem félagsmenn margra og ólíkra stéttarfélaga koma að, muni valda því að lítt reyni á þessa heimild. Til þess að hún verði virk þarf mjög mikla samstöðu og þá þannig að ekki sé um klára kúgun meiri hluta starfsmanna að ræða gagnvart minni hlutanum. Helst sýnist geta reynt á þessa heimild við stofnun nýrra stórfyrirtækja.

VSÍ fær ekki séð að stofnun vinnustaðafélaga í stórum fyrirtækjum þurfi að fara gegn ríkjandi skipulagi á vinnumarkaði því ekkert stendur því í vegi að fyrirtækið og stéttarfélag starfsmanna skipi sér í raðir samtaka vinnuveitenda annars vegar og samtaka stéttarfélaga hins vegar.

Fyrir reglu sakir er rétt að vekja athygli á að eðlismunur er á að svonefndum vinnustaðasamningum annars vegar og vinnustaðafélögum hins vegar. Vinnustaðasamningar eru sameiginlegir samningar fleiri stéttarfélaga um kaup og kjör á sama vinnustað. Það eru utanaðkomandi félög og fulltrúar þeirra sem koma til samningaviðræðna við fulltrúa fyrirtækis með eða án beinnar þátttöku fulltrúa hlutaðeigandi félags atvinnurekenda. Slíkir samningar hafa lengi verið við líði í stærri verksmiðjum og þá jafnan byggst í öllum höfuðatriðum á því sem mótað hefur verið í undangengnum aðalsamningum. Ekkert í núgildandi lögum hindrar gerð slíkra samninga þótt vissulega hafi nokkuð skort á formlega möguleika til að afgreiða slíkan samning með einni sameiginlegri atkvæðagreiðslu starfsmanna sem aðild eigi að fleiri mismunandi stéttarfélögum. Þannig hafa einstakir hópar haft neitunarvald á samþykkt slíkra vinnustaðasamninga þótt mikill meiri hluti starfsmanna í heild hafi samþykkt.

Með 2. gr. frv. er hins vegar að hluta dregið úr hættu á þessari aðstöðu þar sem samninganefndum stéttarfélaga er veitt ótvírætt vald til að ákveða sameiginlega atkvæðagreiðslu um samning. Þetta gildir jafnt um vinnustaðasamninga sem og almenna kjarasamninga og er til þess fallið að auðvelda gerð vinnustaðasamninga frá því sem nú er. Hins vegar kann að vera rétt að kveða skýrt á um að afgreiðsla á löglega gerðum vinnustaðasamningi skuli ráðast af heildarniðurstöðu sameiginlegrar atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem aðild eiga að samningnum.

### **Bandalag háskólamanna:**

1. Frumvarpið gengur þvert á forgangsréttarákvæði sem stéttarfélögin og félög vinnuveitenda hafa komið sér saman um en þessi ákvæði mynda grunninn að því frjálsa samningskerfi sem gilt hefur á íslenskum vinnumarkaði um áratugi. Ríkisstjórnin virðir með frumvarpi sínu að vettugi niðurstöðu fjálsra samninga á milli aðila kjarasamninga.

2. Frumvarið felur að þessu leyti í sér afskipti ríkisvalds af innri málefnum stéttarfélaganna og hvernig þau skipuleggja starfsemi sína. Það stríðir í sjálfu sér gegn ákvæðum 87. samþykktar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar en Ísland hefur staðfest hana. Í samþykktinni eru slík afskipti bönnuð með beinum hætti.

3. Lagaákvæði um tiltekinn lágmarksfjölda til að stofna stéttarfélag talin stríða gegn ákvæðum 87. samþykktar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Frumvarpið virðist að þessu leyti kórdæmi um það sem ekki ná skv. ofangreindri samþykkt. Þessi tvö síðasttöldu atriði hljóta að kalla á enn meiri athygli Alþjóðavinnuárástofnunarinnar en hingað til en meintur tilgangur með frumvarpinu er einmitt að draga úr þessari athygli.

4. Frumvarpið felur ekki í sér neina hliðstæða breytingu á samningssviði fyrirtækja (vinnuveitenda) þannig að óhaggað stæði að viðsemjandi vinnustaðafélags yrði framkvæmdastjórn Vinnuveitendasamband Íslands ef fyrirtækið ætti aðild að því en ekki fyrirtækið sjálft. Algert ósamræmi ríkir þannig í frumvarpinu að þessu leyti. Frumvarpið myndi ef samþykkt yrði leiða til margs konar samskiptavanda á vinnumarkaði vegna þess að það gengur þvert á umsamið samskiptamynstur aðila vinnumarkaðarins. Þannig stefnir frumvarpið samskiptum á vinnumarkaði í meiri vanda í stað þess að leysa meintan vanda í samskiptum á vinnumarkaði.

### **Verkamannasamband Íslands:**

Í 1 mgr. frv. hefur höfundum þess þótt ástæða til að taka fram að samþykktir stéttarfélags verði að vera lögmætar. Þetta ákvæði lýsir vel hugarfari þeirra sem samið hafa frv. Með gagnályktun þýðir ákvæðið að stéttarfélög verði að fara að lögum. Ekki er vitað til þess að í löggjöf okkar Íslendinga sé að finna sambærilegt ákvæði nema í hegningarlögum og sérrefsilögum.

Með samþykktum ILO um félagafrelsi er tryggður réttur stéttarféлага til að ráða sjálf innri málum sínum og setja sér starfsreglur. Með frv. er verið að brjóta gegn þessum rétti. Gert er ráð fyrir að í 5. gr. vinnulöggjafarinnar verði ákveðið hvert sé umboð samninganefnda sem koma fram fyrir hönd samningsaðila og þeim gefið viðtækt vald sem þær hafa ekki haft. Í þessu felst að félögin geta ekki svo sem nú er takmarkað umboð samninganefnda og því felur tillagan að þessu leyti í sér skerðingu á valdi félaganna.

Í 3. mgr. 1. gr. frv. segir að starfsmönnum fyrirtækis þar sem starfa að jafnaði a.m.k. 250 starfsmenn sé heimilt að stofna stéttarfélag enda óski 3/4 þeirra eftir því að gerast félagsmenn. Síðan er sagt: „Fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir starfsmenn.“ Þetta virðist félagsmálaráðherra halda að feli í sér breytingu á möguleikum fólks til að skipuleggja sig. Það er misskilningur. Að núgildandi lögum er ekkert sem hefur komið í veg fyrir stofnun slíkra vinnustaðafélaga. Spurningin snýst um forgangsréttarákvæði í kjarasamningum féлага sem hafa samningsrétt á viðkomandi sviði. Svo virðist sem með niðurlagi greinarinnar eigi að höggva á þann umsamda forgangsrétt með lögboði. Með þessu er einnig verið að lögverja eina tegund stéttarféлага umfram aðra og það með hætti sem er í andstöðu við samþykktir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar

og túlkun mannréttindadómstóls Evrópu á mannréttindasáttmálanum.

Ekki er að sjá að höfundar frv. hafi tileinkað sér þau viðhorf til félagafrelsis sem koma fram í nýbreyttri stjórnarskrá og 11. mgr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994 eða 5. og 6. gr. félagssáttmála Evrópu sem fullgiltur var af Íslandi 15. janúar 1976 þar sem segir að réttur til þess að stofna félög og til að semja sameiginlega sé varin sem mannréttindi. Ekki sér þess heldur stað að höfundar frv. hafi kynnt sér dóm mannréttindadómstóls Evrópu í leigubílstjórámálinu. Þar hagaði svo til að sett voru lög nr. 77/1989 um leigubifreiðar þar sem þátttaka í bílstjóráfélagi var gerð að skilyrði fyrir atvinnuleyfi. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að með lögunum hefði verið brotið gegn 11. gr. mannréttindasáttmálans. Nú bregður hins vegar svo við að í frv. þessu er lagt til að ákvæði verði í vinnulöggjöfni um hvar menn eigi að vera í stéttarfélagi og hverjum þeir feli samningsumboð sitt. Ákvæði þetta stenst ekki lög og alþjóðasamninga. Það stenst ekki þau viðhorf sem nú eru allsráðandi um samningsfrelsi og félagafrelsi og er þar af leiðandi hrein tímaskekking. Þar að auki felst í þessari tillögu atлага að verkalyðshreyfingunni eins og hún hefur verið skipulögð til langs tíma og er enn. Engin tilraun er gerð til þess að svara því hvað verði um núverandi forgangsrétt stéttarféлага. Með frv. er samningsumboðið tekið af þeim með lögum.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Orðalagið í 1. mgr. um lögmæti samþykkt er sérstætt, en ekki er um efnisbreytingu að ræða og er breytingin óþörf.

Í 3. mgr. 1. gr. felst nýmæli þar sem mælt er fyrir um heimild til stofnunar stéttarfélags starfsmanna fyrirtækis þar sem starfa að jafnaði 250 starfsmenn og fer það þá eitt stéttarfélag með samningsumboð. Þessi grein takmarkar stéttarfélagafrelsi, samnings- og verkfallsrétt annarra féлага og felur í sér alvarlegt brot á þeim grundvallarreglum sem raktar eru í inngangi. Ákvæðið jafngildir lagaákvæði sem mælir fyrir um skylduáðild að félagi og felur í sér einokunarrétt og drottunarvald eins félags gagnvart félögum sem haft hafa samningsverkfallsrétt gagnvart viðkomandi fyrirtækjum. Lagaákvæði um skyldufélög er ólögmætt, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli leigubílstjórans Sigurðar Sigurjónssonar gegn íslenska ríkinu. Nefnd Alþjóðavinnuárástofnunar um félagafrelsi hefur oft látið þess skýrlega getið að lögbundinn einkaréttur tiltekins stéttarfélags brýtur í bága við félagafrelsisregluna. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt áherslu á að ríkisvaldinu sé ekki frjálst að gera einu stéttarfélagi hærra undir höfði en öðrum. Slíkt bryti í bága við 11. og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu teknar til samans. Stjórnlagadómstóll Þýskalands hefur talið að sérhver tilraun til að koma á einkarétti tiltekins stéttarfélags brjóti gegn 9. gr. þýsku stjórnarskrárinnar. Einokun vinnustaðafélags kann augljóslega að leiða til þess að fjölmennur hópur skrifstofumanna í einu fyrirtæki getur ráðskast með réttindi og skyldur fámennari starfshópa svo sem sjómanna eða flugmanna og að þeir síðarnefndu verði áhrifalausir um kaup sitt og kjör. Vilji ríkisvaldið af umhyggju fyrir starfsmönnum stærri fyrirtækja í raun gera þeim kleyft að hafa áhrif á og bæta afkomu sína er ríkisvaldinu rétt að tryggja þeim aðild að stjórnun fyrirtækjanna. Það er unnt að lögbinda jafnræði starfsmanna og eigenda og koma á jafnræði með starfsfólki og fjármagni með lögbundnum jöfnum áhrifum á stjórnun hvers stórfyrirtækis. Er brýnna að huga að

setningu laga um atvinnulýðræði en hafa afskipti af innri málum stéttarféлага. Að síðustu má geta þess að heimild til að stofna vinnustaðafélög kann að fjölga stéttarfélögum landsins um allt að fimmtíu sem alls ekki samrýmist tilgangi frv. Heimildin verður auk þess aflgjafi sífelldrar togstreitu og málaferla milli starfsmanna viðkomandi fyrirtækja og stéttarféлага þeirra og milli þeirra og fyrirtækjanna.

#### **Véltjórafélag Íslands:**

Hér er gert ráð fyrir að starfsmenn á vinnustöðum sem telja 250 starfsmenn eða fleiri geti stofnað eigið stéttarfélag sem fari með samningsumboð fyrir starfsmenn vinnustaðarins, þ.e. ef 75% starfsmannanna kjósa að vera aðilar að félagsskapnum. Ef þessi 75% starfsmannanna kjósa að vera félagar er hinum 25% gert skylt einnig að gerast félagar. Þetta ákvæði er að mati félagsins bæði í andstöðu við viðurkennd forgangsréttarákvæði kjarasamninga vinnumarkaðarins svo og almenn ákvæði um frelsi einstaklingsins til þess að ákveða sjálfur í hvaða stéttarfélagi hann kys að tryggja réttindi sín.

#### **Verslunarmannafélag Reykjavíkur:**

Í 1. gr. er kveðið á um heimild til stofnunar vinnustaðaféлага en samningar þeirra féлага eiga að gilda um alla starfsmenn félagsins.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur vekur athygli á þeim rökum sem fram hafa komið m.a. af hálfu Alþýðusambands Íslands um að ákvæðið brjóti í bága við mannréttinda- og félagsmálasáttmála Evrópu og samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, einkum nr. 87 og 98. Einnig raskar ákvæðið gildandi forgangsréttarákvæðum kjarasamninga og verður að skoðast sem bein íhlutun ríkisvaldsins í kjarasamninga og innri málefni stéttarféлага. Jafnframt er það álit VR að ekki sé þörf á ákvæðum um slík vinnustaðafélög þar sem ekkert sé því til fyrirstöðu í núgildandi lögum að gerðir séu vinnustaðasamningar. VR hefur ítrekað tekið undir sjónarmið stærsta viðsemjanda síns, Flugleiða hf., um gerð vinnustaðasamninga án þess að því hafi verið svarað af fyrirtækisins hálfu. Vilji til að gera vinnustaðasamninga er í raun allt sem þarf á grundvelli núgildandi laga. Athygli skal vakin á því að þó svo að vinnustaðafélög yrðu stofnuð þá breytir það í sjálfu sér engu um viðsemjanda stéttarfélagsins ef fyrirtækið er innan Vinnuveitendasambands Íslands sem fer með samningsumboð fyrir félagsmenn sína. Ef markmiðið er að færa starfsmenn nær ráðamönnum fyrirtækja við gerð samninga þá breytir ákvæði frv. engu um það vegna skipulags samtaka vinnuveitenda.

#### **Sveinafélag málmíðnaðarmanna, Félag byggingamanna Eyjafirði, Samiðn, Iðnsveinafélag Reykjavíkur:**

Frv. heimilar stofnun vinnustaðaféлага sem hafi einkarétt á að gera kjarasamninga fyrir viðkandi vinnustað. Þetta fyrirkomulag gengur þvert á starfsgreinaskipulag ASÍ. En aðild að ASÍ eiga stéttarfélögin í gegnum landssambönd starfsgreina. Á síðustu árum hefur þetta skipulag verið að þróast og styrkjast sem hefur gert það að verkum að landssamböndin hafa í auknum mæli farið með samningsgerðina fyrir hönd aðildarféлага sinna.

#### **Félag byggingamanna Eyjafirði og Samiðn - Samband iðnfélaga:**

Félögin telja að vinnustaðafélög, eins og frv. gerir ráð fyrir, vinni gegn þeirri stefnu

að fækka og stækka verkalýðsfélögin og muni þegar til lengri tíma er lítið leiða til aukinnar sundrunar. Í þessu sambandi telur félagið æskilegra að fara leiðir eins og farnar hafa verið í Álverinu, ríkisverksmiðjunum og Slippstöðinni Odda hf. til margra ára, að starfsmenn verði áfram félagsmenn í stéttarfélagunum en gerður sé einn samræmdur kjarasamningur sem nái til allra starfsmanna.

#### **Verslunarmannafélag Vestmannaeyja:**

Varðandi 1. gr. laganna um vinnustaðafélög vill félagið koma með örlítið dæmi, að vísu ekki mjög vísindalega unnið, en ætti þó að sýna hvaða áhrif þessi breyting gæti haft á félagið. Verslunarmannafélag Vestmannaeyja telur 165 félagsmenn, þar af vinna 3 stjórnarmenn hjá Kaupfélagi Árnesinga og 40 félagsmenn. Starfsmenn K.Á. eru samkvæmt upplýsingum um 400. Launþegar K.Á. í Vestmannaeyjum eru því 10% af heildarfjölda starfsmanna og hafa litla getu til þess að mótmæla stofnun starfsmannafélags innan þess fyrirtækis kæmi sú hugmynd upp. Verslunarmannafélag Vestmannaeyja á því yfir höfði sér, nái þetta frv. fram að ganga, að 50% stjórnarinnar og 25% félagsmanna verði flutt nauðungarflutningum í starfsmannafélag K.Á. á Selfossi.

#### **Útgerðarfélag Akureyringa hf.:**

Öðlilegra væri að sleppa vinnustaðastéttarfélagum en hvetja í þess stað til vinnustaðasamninga. Þá gæti málsgreinin hljóðað eitthvað á þessa leið: Einstökum vinnuveitendum og starfsfólki er heimilt að gera vinnustaðasamninga að hluta eða í heild. Skilyrði fyrir gerð slíks samnings er að 2/3 hlutar starfsmanna í þeim stéttarfélagum sem samningurinn kann að ná til séu því samþykkir og að hagsmunir allra þeirra stétta sem samningurinn kann að ná til séu tryggðir. Til að slíkur samningur öðlist gildi þarf meiri hluti starfsfólks úr öllum viðkomandi stéttarfélagum að samþykkja samninginn.

#### **Félag byggingariðnaðarmanna:**

Síðasta setning 1. gr. gengur algerlega á yfirlýst markmið ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar þar sem vinnustaðafélögum er gefið alræðisvald varðandi samningsumboð, jafnvel þó hluti starfsmanna hafi kosið að vera áfram í svæðisbundnu stéttarfélagi. Vald og áhrif einstaklinga er því algerlega brotið á bak aftur með þessu ákvæði og vandséð að það standist alþjóðasamþykktir og stjórnarskrárákvæði.

#### **Verkalýðsfélagið Fram:**

Í 1. gr. frv. ... er verið að hlutast svo freklega um innri mál stéttarfélaga að ekki er við unandi. Talsvert hefur borið á ruglingslegri umræðu þar sem blandað er saman vinnustaðafélagi og vinnustaðasamningi. Vinnustaðasamningar eru vel þekktir hjá fjölmörgum félögum og geta verið með ýmsu móti. Allt frá því að vera gerðir af einu verkalýðsfélagi um tiltekið atriði, eða tiltekna útfærslu á einum vinnustað, til þess að vera kjarasamningur sem tekur til allra atriða hjá einu fyrirtæki, en þá standa að jafnaði fleiri en eitt verkalýðsfélag að slíkum samningi. ... Enga lagabreytingu þarf til að halda slíku fyrirkomulagi áfram.

#### **Verkalýðsfélag Borgarness:**

Ákvæði 1. gr. um vinnustaðafélög er í andstöðu við skipulag verkalýðshreyfingarinnar og er að mati ASÍ brot gegn ILO samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og 11. gr.

mannréttindasáttmála Evrópu. Félagið leggur því til að þessi grein frv. verði felld niður. Með öðrum orðum 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur verði óbreytt frá því sem nú er.

**Félag málmiðnaðarmanna Akureyri:**

Ákvæði um vinnustaðafélög mun ekki styrkja verkalýðshreyfinguna. Ákvæði um vinnustaðasamninga gæti hins vegar verið til bóta.

**Félag járnmiðnaðarmanna:**

Núverandi félagsmenn í stéttarfélagi allt að 25% starfsmanna á vinnustaðnum sem vilja ekki stofna eða gerast aðilar að vinnustaðafélagi verða samkvæmt frv. að hlíta því að hafa ekkert með samninga að gera, hvorki varðandi undirbúning eða áherslur né heldur atkvæðagreiðslu.

Með stofnun vinnustaðafélaga er verið að fjölga stéttarfélögum, brjóta upp starfsgreinaskipulag verkalýðshreyfingarinnar, veikja þau félög sem fyrir eru, útiloka þau frá samningagerð fyrir sína félagsmenn á vinnustaðnum og gera þeim sem næst ókleift að vinna að atvinnu- og menntunarmálum í viðkomandi starfsgreinum. Þá ber að hafa í huga að eitt og sama fyrirtækið getur verið með marga vinnustaði víðs vegar um landið og einnig erlendis. Þá hlýtur að vakna spurning um hvort spyrða eigi saman í eitt félag alla sem vinna hjá fyrirtækinu, innan lands sem utan, eða hvort vinnustaðafélagið eigi eingöngu að ná til þess vinnustaðar í fyrirtækinu sem nær 250 starfsmönnum.

**Bíliðnafélagið:**

Varðandi 1. gr. um vinnustaðafélög vísast í umsógn þar sem tekið er dæmi um Jón bíliðnamann og lýst áhrifum greinarinnar á hann.

**Verslunarmannafélag Skagfirðinga:**

Varðandi 1. gr. þar sem rætt er um stofnun vinnustaðafélaga er rétt að benda á að reglur sem áskilja lágmarksfjölda félaga til að stofna stéttarfélög eru andstæðar túlkun lagasérfræðinganevndar Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar ef hættu er á því að með því sé einstökum stéttarfélögum eða félagasamböndum tryggð einokunarstaða. Þá er vert að benda á að verkalýðshreyfingin hefur á undanförunum árum gert fleiri og fleiri sameiginlega samninga á stórum vinnustöðum, svo sem í ýmsum verksmiðjum. ASÍ hefur í því sambandi sett fram mótaðar hugmyndir um samskiptareglur á vinnumarkaði þar sem megináhersla er lögð á aukna aðlögunarhæfni og að færa gerð sérsamninga nær starfsmönnum og fyrirtækjum.

**Félag starfsfólks í veitingahúsum:**

Í 1. gr. er kveðið á um stofnun vinnustaðafélaga. Það ákvæði stangast á við samþykktir ILO nr. 87 og nr. 98 og 5. og 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu. Í þessu ákvæði eru verið að hlutast til um innra skipulag verkalýðshreyfingarinnar og er það með öllu ólíðandi. Það er alfarið verkefni félagsmanna að breyta skipulagi hreyfingarinnar, ekki stjórnvalda.

**Verkalýðsfélagið Hvöt:**

Tillaga um stofnun vinnustaðafélaga er til þess fallin að fjölga félögum og gera þau veikari.

**Flugfreyjufélag Íslands:**

Flugfreyjufélag Íslands mótmælir 1. gr. á þeim forsendum að hún er brot á félagafrelsi einstaklinga og rétti stéttarféлага til að ráða sjálf innri málum og setja sér starfsreglur. Með þessu frv. er verið að lögverja eina tegund stéttarféлага umfram önnur með þeim hætti að slíkt er í andstöðu við samþykktir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar og túlkun mannréttindadómstóls Evrópu á mannréttinasáttmálanum.

**Starfsmannafélagið Sókn:**

Um „fáránleika vinnustaðaféлага“ er tekið ítarlegt dæmi í umsögninni. Einnig segir þar að ekki sé að sjá að frv. stuðli að auknu lýðræði, hvað þá að gert sé ráð fyrir auknum réttindum eða áhrifum einstaka félagsmanns.

**Eimskip:**

Í frv. er gert ráð fyrir að starfsmönnum stórra fyrirtækja sé heimilt að stofna stéttarfélög ef 3/4 hlutar starfsmanna kjósa svo. Þetta verður að telja mjög jákvætt ákvæði þó ólíklegt megi telja að reyni á það á næstunni. Meginástæða þess er sú að í allnokkrum samningum eru bein ákvæði um aðildarskyldu starfsmanna að stéttarfélögum. Líklegt er að þetta ákvæði muni þvælast fyrir ef vilji verður til þess að stofna vinnustaðafélög.

**Múrarasamband Íslands og Múrarafélag Reykjavíkur:**

Félögin lýsa sig alfarið mótfallin því að heimiluð verði stofnun vinnustaðaféлага. Það hefur verið álit launþega jafnt sem vinnuveitenda að fremur væri ástæða til að fækka stéttarfélögum með sameiningu en að fjölga þeim. 1. gr. frv. miðar í öfuga átt. Hún er jafnframt til þess fallin að veikja félög þau sem fyrir eru á því svæði sem vinnustaðafélag væri stofnað á og gæti raunar gert þau nánast óstarfhæf. Sem dæmi um slíkt mætti nefna vinnustaðafélag utan Faxaflóa- og Eyjafjarðarsvæðanna ef þar risi stóriðjufyrirtæki sem fullnægði kröfum greinarinnar. Miðað við núverandi ástand er engin þörf á að breyta orðalagi 2. gr. laganna.

**2. gr.**

Við 5. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Samninganefnd eða fyrirsvarsmaður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutaðeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun, sé ekki á annan veg samið. Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir

niðurstaða hennar óháð framangreindu. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í kjarasamningi að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu. Slíkur kjarasamningur telst þá því aðeins felldur að meiri hluti þátttakenda og minnst þriðjungur atkvæðisbærra greiði atkvæði gegn honum.

Skýlt er samningsaðilum að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða kjarasamninga.

#### **Alþýðusamband Íslands:**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við 5. gr. núgildandi laga bætist þrjár málsgreinar. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að með lögum verði nákvæmlega kveðið á um það hvert sé umboð samninganefnda sem koma fram fyrir hönd samningsaðila. Í þessu felst að stéttarfélögin geta ekki svo sem nú er takmarkað umboð samninganefnda og því felur tillagan að þessu leyti í sér skerðingu á valdi félaganna. Tillagan er gróf íhlutun í innri málefni stéttarfélaga.

Í umboði samninganefnda samkvæmt frumvarpinu felst vald til að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í viðræðum og undirrita fyrir hönd viðkomandi félags.

Þá er í frumvarpinu fyrirætlan um heimild samninganefnda til að framselja umboð sitt til samningagerðar og heimild samninganefndar til að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu með öðrum félögum. Þetta vald hafa samninganefndir ekki haft fram að þessu heldur hefur orðið að fá samþykkt hjá hverju félagi fyrir sig til að fara í sameiginlega atkvæðagreiðslu. Hugmyndir frumvarpsins um þetta eru í raun afskipti af þeim leikreglum sem félögin sjálf haga lögvarinn rétt til að setja sér. Framsetning slíkra hugmynda undir því yfirsíkinu að verið sé að setja samskiptareglur á vinnumarkaði er í raun föslun. Reglur þessar varða ekki samskipti á vinnumarkaði. Með reglunum væru starfshættir stéttarfélaga lögakveðnir með þeim hætti sem fram að þessu hefur einvörðungu verið gert varðandi félög sem skylduáðild er að, til dæmis veiðifélög eða félagaform sem ætlað er að skapa tiltekna réttarstöðu, til dæmis hlutafélög. Enginn vafi er á því að með þessu væri brotið gegn samþykkt ILO nr. 87, 3. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 5. gr. verði lögfestar reglur um það með hverjum hætti samningsaðilar afgreiða kjarasamninga. Um þetta er sama að segja og hér að framan; í hugmyndunum felst tilraun til að lögbinda starfshætti stéttarfélaga svo að beinlínis fer í bága við samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um frelsi stéttarfélaga.

Í niðurlagi greinarinnar er gert ráð fyrir að fram verði tekið að aðilum sé skýlt að stuðla að því að félagsmenn þeirra virði gerða samninga. Þetta felur í sér mjög óverulega breytingu frá gildandi rétti en kann þó að leggja eitthvað auknar skyldur á herðar félögunum til stuðla með virkum hætti að því að koma í veg fyrir samningsbrot.

Bollaleggingar frumvarpshöfunda í greinargerð um þetta atriði eiga sér enga stoð í lagatextanum sjálfum og eru raunar svo afdráttarlausar um skyldu samningsaðila til virkra aðgerða til að koma í veg fyrir samningsbrot að ekki fær staðist samkvæmt almennum lagasjónarmiðum. Vafamál er að slík athafnaskylda verði almennt lögð á með lögum og að minnsta kosti er vafalaust að ef slíkt ætti að standast þyrfti að kveða skýrt á um hvað í slíkri skyldu fælist í lögum. Athafnaskylda verður ekki á lögð með bollaleggingum í greinargerðum.



### **Verkamannasamband Íslands:**

Í 2. gr. frv. eru lögð til mörg sérkennileg nýmæli. Í 2. mgr. er nú lagt til að lögbundið verði stöðuumboð samninganefnda sem koma fram fyrir hönd samningsaðila. Þá er samninganefnd fengin heimild til að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutaðeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast í kjarasamningi. Þetta vald hafa samninganefndir ekki haft fram að þessu heldur hefur orðið að fá samþykkt hjá hverju félagi fyrir sig til að fara í sameiginlega atkvæðagreiðslu. Í þessu felst bæði alvarleg árás á sjálfsforræði stéttarfélaga og ábyrgð þeirra á samningum.

Í 2 mgr. 2. gr. er nú lagt til að undirritaðir kjarasamningar gildi nema þeir séu felldir við leynilega atkvæðagreiðslu af meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæðaskrá eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun, sé ekki á annan veg um samið. Hér er enn ráðist að þeirri grundvallarreglu 3. gr. núgildandi laga að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf. Það er ráðist að þeirri grundvallarreglu að stéttarfélög séu frjáls félagasamtök eins og t.d. stjórnmalasamtök og lagt til að bundið verði í lög hvornig beri að samþykkja samninga. Lýðræðinu er kastað fyrir róða. Þeir sem sinna málefnum síns stéttarfélags og mæta á fundum geta verið ofurliði bornir af þeim sem ekki hafa áhuga eða getu til að mæta. Ekki má gleymast að með þessu er verið að útiloka sjómenn og farandverkafólk og aðra þá sem vegna atvinnuþátttöku sinnar eru fjarverandi utan félagssvæðis síns stéttarfélags.

### **Vinnuveitendasamband Íslands:**

VSÍ styður ákvæði 2. gr. um samningsumboð og samþykkt samninga. Fyrri málsgreinin er raunar sameiginleg niðurstaða starfshópsins eins og lýst er í áfangaskýrslu hans. Rétt er í þessu sambandi að upplýsa að samkvæmt lögum VSÍ fer það eitt með samningsumboð aðildarfélaga og fyrirtækja og ákveður stjórn þess hvornig forsvari í kjaraviðræðum er háttað hverju sinni. Lögleg samninganefnd eða tilnefndir fulltrúar VSÍ fara þá samkvæmt þessu lagaákvæði með fullt og ótakmarkað umboð til samningsgerðar og er þá líkt á komið með stéttarfélögum og samtökum atvinnurekenda. Þau ákveða sjálf forsvar við samningsgerð en þegar samninganefnd er löglega komin á þá fer hún með vald til að undirrita samning eins og fram kemur í greininni.

Ekki hefur verið ágreiningur um það að nokkuð eigi að þurfa til að fella löglega gerðan kjarasamning. Ágreiningur hefur hins vegar komið fram um það hvort of mikils sé krafist með því að miða við að 20% félagsmanna þurfi til að fella almennan samning. VSÍ hefði talið eðlilegt að þetta hlutfall væri almennt hærra, sérstaklega í ljósi þess að félögunum er heimilað að skjóta sér undan þessum mörkum með því að viðhafa póstatkvæðakosningu. Þá gilda engin mörk.

Þótt vissulega megi færa að því sterk rök að alltaf eigi að krefjast tiltekinnar lágmarksþátttöku til að breyta niðurstöðu löglega kjörinna forsvarsmanna félags telur VSÍ að una megi við greinina eins og hún stendur. Fari hins vegar svo að póstatkvæðagreiðslur nægi ekki til að laða fram almenna þátttöku í atkvæðagreiðslum um samninga og vinnustöðvanir telur VSÍ óhjákvæmilegt að taka inn ákvæði um lágmarksþátttöku.

**Bandalag háskólamanna:**

1. Frumvarpið felur í sér bein afskipti ríkisvalds af innri málefnum stéttarfélaganna og hvernig þau skipuleggja starfsemi sína. Það stríðir gegn ákvæðum 87. samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

2. Það stríðir gegn 87. samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að gera kröfu um það að tiltekinn fjöldi félagsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamning ella teljist hann samþykktur. Þetta eru bein lagaboð um innri málefni stéttarfélags.

3. Ofangreint ákvæði frumvarpsins mundi stríða gegn meintum tilgangi frumvarpsins í heild að auka áhrif einstakra félagsmanna með því að færa vald til samninganefnda að gera fullburða kjarasamning sem gæti orðið bindandi fyrir félagsmenn án þess að þeir hafi greitt um hann atkvæði. Samninganefnd gæti reynt að „koma samningi í gegn“ með því að halda ekki atkvæðagreiðslu innan tilskilinna tímamarka o.s.frv. Þessi grein gæti því stefnt lýðræðinu innan stéttarfélaganna í bráða hættu sem stríðir gegn einum helsta tilgangi frumvarpsins.

4. Það stenst varla að gera slíkar kröfur um beina þátttöku einstakra félagsmanna stéttarfélagsins án þess að gera í nafni jafnréttis hliðstæðar kröfur um beina aðild eigenda fyrirtækjanna (hluthafanna) að sömu ákvarðanatöku með sömu skilyrðum.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Í greininni er gert ráð fyrir að samninganefndir hafi lögskipað, ótakmarkað umboð til að setja fram tillögur, taka þátt í samningaviðræðum, undirrita kjarasamning, framselja umboðið sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga og ákveða sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna burtséð frá inntaki þess umboðs sem félagsmenn, stjórn eða trúnaðarmannaráð hafa veitt samninganefndinni. Þá er í greininni sett fram skuldbindandi ákvæði um gildistöku dag kjarasamnings, um atkvæðagreiðslu, fyrsta reglan af einum sjö atkvæðareglum frv. og frumvarpshöfundar sjá ástæðu til að orða reglu þess efnis að félagsmenn virði samninga.

Greinin í heild felur í sér afskipti ríkisvalds af innri málum stéttarféлага og samningsrétti þeirra. Samninganefndum er veitt vald sem þær hafa ekki haft til þessa. Hið lögskipaða valdframsal takmarkar rétt félaganna og er andstætt innra skipulagi þeirra sem byggir á lýðræðislegum grunni. Einokunarvald samninganefnda er til þess fallið að valda trúnaðarþrengi og skapa óeiningu innan félaganna. Lagðar eru til reglur um atkvæðagreiðslur sem veita minni hluta félagsmanna aukinn rétt á kostnað lýðræðislegs meiri hluta sem tekur beinan þátt í störfum félagsins. Reglur um atkvæðagreiðslur innan frjálsra félagasamtaka eru meðal brýnustu innri mála hvers félags. Öll afskipti af þeim málum fela í sér takmarkanir á félagafrælsi. Slíkar reglur verða ekki settar nema nauðsyn beri til í lýðræðisþjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi eins og það er orðað í 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í frumvarpsgreininni birtast óverjandi afskipti af skipulagi félaganna.

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. birtir tortryggna hugsun í garð félaga okkar og félagsmanna. Réttarframkvæmdin er skýr og ákvæðið óþarft, nema ætlunin sé að etja stéttarfélögum gegn félagsmönnum og leggja á félögin ríkari ábyrgð en nú gildir samkvæmt 8. gr. laga nr. 80/1938. Hér er um að ræða enn eitt óljóst ákvæði sem óbreytt verður hvati málaferla.

### **Véltjórafélag Íslands:**

Hér er gert ráð fyrir verulega auknum völdum samninganefnda, a.m.k. miðað við félagslög VSFÍ. Frumvarpið gerir ráð fyrir að samninganefndir hafi rétt til að ákveða hvort, ef um sameiginlegan samning er að ræða, atkvæðagreiðsla sé sameiginleg eða ekki. Sömuleiðis hefur samninganefndin heimild til að framselja samningaumboðið annarri samninganefnd. Með þessum breytingum er verið að skerða réttindi lýðræðislega kjörinna stjórna félaga og færa til samninganefnda sem engin fyrirmæli eru um í frv. með hvaða hætti eru valdar. Hér er um tillögu að ræða sem gengur þvert á yfirlýst markmið frv. um að auka lýðréttindi í verkalýðshreyfingunni.

Í greininni er einnig að finna ákvæði um atkvæðagreiðslu um undirritaðan kjarasamning. Þar er sú breyting lögð til að ef um almenna leynilega atkvæðagreiðslu sé að ræða þá þurfi 20% þeirra sem samningurinn tekur til að greiða atkvæði og til þess að hafna samningnum þurfi mótaskvæði meiri hluta nefndra 20%. Sé aftur á móti um pótaskvæðagreiðslu gildir einfaldur meiri hluti þeirra sem taka þátt.

Hér er um nýmæli að ræða hvað varðar lágmarkspátttöku í almennri atkvæðagreiðslu sem félagið leggst gegn. Aftur á móti höfum við afgreitt kjarasamninga véltjóra á fiskiskipum og kaupskipum með póstafrgreiðslu sem hefur þá tekið um fjórar vikur en sá afgreiðslumáti hefur reynst vel að okkar mati. Hvað varðar það að þeir sem samningurinn tekur til hafi einir atkvæðisrétt um samþykkt hans eða synjun er svo sjálfsagt að við teljum að tæpast þurfi að festa það í lög.

### **Verslunarmannafélag Reykjavíkur:**

Í greininni eru m.a. tvö nýmæli. Annars vegar er samninganefnd falið vald til að gera kjarasamninga sem félagsmönnum er einungis gefinn kostur á að fella. Félagsmenn eru ekki inntir álits hvort þeir séu sammála samningi heldur hvort þeir séu á móti. Hér er öllum venjulegum lýðræðisreglum snúið við. Eðlilegt er að leggja samning fyrir til samþykktar. Þetta ákvæði mun frekar leiða til enn minni þátttöku í afgreiðslu samninga en nú er og auka miðstýringu við gerð samninga.

Hins vegar er reglum um afgreiðslu samninga breytt. Þær miða að því að mun erfðara verður fyrir félagsmenn að fella samninga þar sem gert er ráð fyrir lágmarkspátttöku við afgreiðslu samninga og gerður er munur á vægi atkvæða með þeim hætti að afstaða þess sem situr heima vegur þyngra en þess er neytir atkvæðisréttar. Lögfesting á misvægi atkvæða eftir skoðunum félagsmanna er óforsvaranleg. VR leggur áherslu á að við afgreiðslu samninga gildi sú meginregla eins og við aðrar atkvæðagreiðslur að meiri hluti þeirra sem afstöðu tekur ráði niðurstöðunni.

### **Sveinafélag málmíðnaðarmanna, Félag byggingamanna Eyjafirði og**

#### **Samiðn - Samband iðnfélaga:**

Í frv. er gert ráð fyrir að með lögum verði vald samninganefnda stóraukið sem felst m.a. í því að félögin geta ekki takmarkað umboð samninganefnda. Hér er um grundvallarbreytingu á núgildandi lögum, reglum og hefðum að ræða. Hér er um beina íhlutun í innra skipulag félaganna og skerðingu á valdi einstakra félagsmanna að ræða.

### **Iðnsveinafélag Suðurnesja:**

Í frv. er gert ráð fyrir að fram fari almenn leynileg atkvæðagreiðsla, sem nái til allra félagsmanna við afgreiðslu á kjarasamningum og þegar boðað er til vinnustöðvunar. Ekki

er gert ráð fyrir að ein regla gildi um atkvæðagreiðslur heldur er gert fyrir mörgum og flóknum afbrigðum.

Krafist er lágmarkspátttöku til þess að hægt sé að fella samninga eða boða til vinnustöðvunar. Þannig er valdið fært frá þeim sem virkir eru í félögunum til þeirra sem óvirkir eru. Allt valdboð um atkvæðagreiðslu sem felur í sér að meirhluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni ráði ekki úrslitum, er óásættanlegt og stangast á við allar lýðræðishefðir. Einnig er hér um að ræða grófa íhlutun í innri mál frjálsrar verkalýðshreyfingar.

#### **Verzlunarmannafélag Húsavíkur:**

Í frv. er lagðar einkennilegar skyldur á félagsmenn stéttarfélaganna varðandi atkvæðagreiðslur. Þetta nýja lýðræði mun hafa veruleg áhrif á alla aðra starfsemi fyrirtækja og félaga í framtíðinni. Nýja lýðræðið gerir ráð fyrir að hjáseta/mæta ekki til atkvæðagreiðslu þýði að viðkomandi sé á móti. Sérstaka athygli vekur að ekki eru lagðar sambærilegar kvaðir á launagreiðendur.

#### **Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis:**

Tillögur frv. gera ráð fyrir sjö mismunandi afbrigðum af atkvæðagreiðslum hjá stéttarfélögum. Þessar reglur eru allar því marki brenndar að meginreglur um lýðræðislega niðurstöðu með einföldum meiri hluta eru skekktar, ýmist er krafist verulega aukins meiri hluta til að niðurstaða sé metin gild eða strangs forms á atkvæðagreiðslu. Látið er lita svo út að sömu reglur skuli gilda fyrir vinnuveitendur, en skipulag þeirra samtaka er með allt öðrum hætti, þar koma einstaklingar ekki að málum heldur fyrirtæki og miðstýring samtakanna er alger. Þessar hugmyndir að kosningareglum eru brot á öllum nútímalegum lýðræðishugmyndum auk þess sem margbreytileiki þeirra er slíkur að augljóst er að það eitt og sér kemur til með að valda verulegum vandræðum í framkvæmd.

#### **Samiðn - Samband iðnfélaga:**

Með heimild samninganefnda til að framselja umboð sitt t.d. til annarra félaga og samtaka er samningsrétti vísað til annarra án samþykkis félagsmanna. Möguleikar félaganna til að hafa áhrif á samningaferilinn eftir að samninganefnd hefur verið kjörin eru verulega skertir.

#### **Verkalýðsfélag Borgarness:**

Í 1. mgr. 2. gr. er samninganefnd, sem ekki er skilgreind nánar, færð öll völd í samningamálum verkalýðsfélaganna. Flest eða öll verkalýðsfélög hafa trúnaðarmannaráð sem í sitja kjörnir fulltrúarfélagsmanna. Ef lögfesta á eitthvað um þessi atriði þá er eðlilegt að trúnaðarmannaráð fari með það vald sem samninganefnd er falið samkvæmt frv.

Í 2. mgr. 2 gr. er fjallað um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga. Ef eitthvað á að lögfesta um atkvæðagreiðslu um kjarasamninga (sem við teljum að sé óþarfi) þá væri það helst að fram skuli fara allsherjaratkvæðagreiðsla um kjarasamninga sem standi í a.m.k. tvo daga eða póstatkvæðagreiðsla meðal þeirra félagsmanna sem samningurinn nær til. Í þannig atkvæðagreiðslu á meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði og taka afstöðu að ráða eins og í öllum öðrum almennum atkvæðagreiðslum.

Þau fjölmörgu afbrigði af atkvæðagreiðslum sem um er fjallað í frv. eru til þess fallin að valda ágreiningi um framkvæmd atkvæðagreiðslna. Með ákvæðum um lágmarkspáttöku er verið að færa völd frá þeim sem eru virkir í félögunum til þeirra sem óvirkir eru. Það er líka lýðræðislegur réttur að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu eða að skila auðum atkvæðaseðli. Samkvæmt frv. er þessi réttur tekinn af fólki með því að telja þögn sama og samþykki í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga.

Félagið ítrekar þá afstöðu að það á að vera meiri hluti þeirra sem afstöðu taka í atkvæðagreiðslu sem ræður úrslitum. Allt valdboð um atkvæðagreiðslu sem felur í sér að meiri hluti þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni ráði ekki úrslitum er óásættanlegt og stangast á við allar lýðræðishefðir.

#### **Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Meginathugasemd félagsins við fyrri hluta frv. er að þar er með einhliða lagasetningu gripið inn í skipulag stéttarfélaga og ákveðið með lögum hvernig þau taka ákvarðanir um afgreiðslu samninga (2. gr.) og ákvörðun um verkfall (4. gr.). Félagið bendir á að hliðstæð ákvæði í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna byggðust á sínum tíma á samkomulagi við stéttarfélögin.

#### **Félag byggingariðnaðarmanna:**

Í 2. gr. er samninganefndum gefið stórukið vald, meðal annars með því að gefa þeim fullkomið ákvörðunarvald um samningsumboð og afgreiðslu mála þegar samningur hefur komist á við vinnuveitendur. Með þessu ákvæði er einnig gengið þvert á yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar þar sem hinn almenni félagi er þá ofurseldur ákvörðunarvaldi samninganefndar um það hvort hann eigi þess kost að koma skoðunum sínum á framfæri nema beint við atkvæðagreiðslu.

#### **Verkalýðsfélagið Fram:**

Ekki verður fjölyrt hér um þær margvíslegu gerðir af atkvæðagreiðslum sem boðið er upp á í frv. Þær reglur sem boðið er upp á eru andlýðræðislegar.

#### **Félag járníðnaðarmanna:**

Félag járníðnaðarmanna gerir ekki athugasemdir við fyrri hluta 1. mgr. 2. gr. þess efnis að samninganefnd hafi umboð til að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í viðræðum eða undirrita samning enda sé undirritun með fyrirvara um meðferð samkvæmt reglum viðkomandi stéttarfélags. Slík verkefni felast í samningagerð og þannig hefur verið haldið á í stéttarfélögum og þess vegna er greinin óþörf.

#### **Sjómannna- og vélstjórafélag Grindavíkur:**

Fylgiblað 1 með umsögninni sýnir hin ýmsu tilbrigði frv. um atkvæðagreiðslur. Telji frumvarpshöfundar eða einstakir alþingismenn að í þeim frumskógi felist aukið lýðræði fyrir hinn almenna félagsmann hafa þeir hinir sömu misskilið það hugtak verulega. Sjá nánar umsögn.

#### **Biliðnafélagið:**

Í frv. er gert ráð fyrir ýmsum gerðum að atkvæðagreiðslum, einum sjö útgáfum. Sú kenning hefur verið sett fram að með þessum breytingum náist fram aukið lýðræði.

Hingað til hefur meiri hlutinn ráðið. Nú á að breyta þessu og gera þeim upp nei sem heima sitja.

#### **Félag starfsfólks í veitingahúsum:**

Hér er líka verið að hlutast til um innri mál og færa vald frá félagsmönnum til samninganefnda eða fyrirsvarsmanns eins og það er orðað. Annað sem stingur í augu við lestur þessarar greinar eru þrjár mismunandi tegundir atkvæðagreiðslu. Alls eru tegundir atkvæðagreiðslna sjö í plagginu og vandséð með hvaða rökum slíkt á aðeins að gilda um verkalýðshreyfinguna. Það er sjálfsögð krafa að verkalýðsfélögin ráði því sjálf hvernig þau afgreiða sín mál án afskipta ríkisvaldsins. Um atkvæðagreiðslur í sambandi við boðun verkfalla, afgreiðslu kjarasamninga og miðlunartillögur sáttasemjara á að sjálfsögðu að gilda sú grundvallarregla í lýðræðisríki að meiri hluti þeirra sem kjósa ráði. Annað er afskræming á lýðræðinu.

#### **Flugfreyjufélag Íslands:**

Flugfreyjufélag Íslands mótmælir að í 2. gr. ofangreinds frv. er gert ráð fyrir auknum völdum samninganefndar og minnkun valds trúnaðarmannaráðs. Aftur er vegið að rétti stéttarféлага til að ráða sjálf innri málum og setja sér starfsreglur auk þess að vera skerðing á valdi félaganna. Flugfreyjufélagið mótmælir ennfremur þeim breytingum á frv. sem fyrirhugaðar eru varðandi afgreiðslu kjarasamninga. Þær eru andlýðræðislegar auk þess að vera óframkvæmanlegar í okkar stéttarfélagi.

#### **Múrarasamband Íslands og Múrarafélag Reykjavíkur:**

Félögin mótmæla harðlega þeirri íhlutun í innri málefni stéttarfélaganna sem 2. gr. frv. kveður á um. Verði frumvarpsgreinin að lögum er einum eða fleiri af félagsmönnum fengið í hendur vald sem þeir hafa ekki haft samkvæmt lögum og samþykktum félaganna og möguleikar einstakra félagsmanna til að hafa áhrif á kröfugerð og stefnu í samningamálum nánast að engu gerðir. Með breytingunni væri höggvið að rótum félagafrelsisins í einum hópi fjálsra félagasamtaka með þeim hætti að varða kynni við ákvæði stjórnskipunarlaganna. Reglur greinarinnar um það hvað þurfi til að hnekkja samningi sem fyrirsvarmaður eða samninganefnd hafa undirritað eru á sama hátt í andstöðu við lög og samþykktir félaganna og ríkjandi lýðræðishefð í samtökum launþega.

**Sjá álit Lagastofnunar H.Í. bls. 13-18 og bls. 27.**

#### **3. gr.**

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ófélagsbundnir atvinnurekendur og launamenn utan stéttarféлага bera einir ábyrgð á samningsrofum af sinni hálfu. Nú er ekki sýnt fram á aðild samningsaðila að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar og ber félagsmaður þá sjálfur ábyrgð á þátttöku sinni í þeim.

#### **Verkamannasamband Íslands:**

Í 3. gr. frv. er enn ein furðusmíðin sett fram. Samkvæmt núgildandi 8. gr. vinnulöggjarinnar bera stéttarfélögin ábyrgð á samningsrofum sínum og trúnaðarmanna

sinna en ekki á samningsrofum einstakra meðlima sinna nema þeim verði gefin sök á þeim. Með frv. er nú lagt til að til viðbótar framansögðu verði sérstaklega hert á því að einstaklingar bera ábyrgð á gerðum sínum. Er vandséð hvaða nauðir reka höfunda frv. til að taka sérstaklega fram að einstaklingar séu ábyrgir gerða sinna í þessu þjóðfélagi. Nokkrir lagabálkar fjalla einmitt um þær hliðar mannlífsins, m.a. hegningarlög og sérrekslög auk almennra skaðabótareglna. Þetta ákvæði er algerlega ónauðsynleg viðbót við núgildandi ákvæði nema eitthvað meira búi að baki.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

3. gr. Greinin er óþörf, sbr. einnig 8. gr. laga nr. 80/1938.

**4. gr.**

15. gr. laganna orðast svo:

Þegar félag atvinnurekenda eða stéttarfélag ætlar að hefja vinnustöðvun er hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.

Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

Í tillögu um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Samninganefnd eða til þess bærur fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftari, um allt að 14 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé það gert með minnst sólarhrings fyrirvara.

**Alþýðusamband Íslands:**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á núgildandi 15. gr. l. nr. 80/1938 en sú grein fjallar um það hvernig staðið skuli að ákvörðun um að hefja vinnustöðvun. Almennt er sama um þetta að segja og afgreiðslu kjarasamninga hér að framan; í hugmyndunum felst tilraun til að lögbinda starfshætti stéttarfélaga svo að fer í bága við samþykkt ILO um frelsi stéttarfélaga.

Ákvörðun skal skv. frumvarpinu taka af meirihluta atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem minnst fimmtungur félagsmanna tekur þátt. Gert er ráð fyrir að unnt verði að viðhafa póstkosningu sem þá myndi leiða til þess að lágmarkspáttökureglan um fimmtung atkvæðisbærra ætti ekki við, aðeins einfaldur meirihluti.

Taki fyrirhuguð vinnustöðvun aðeins til hluta félagsmanna er gert ráð fyrir heimild

til að þeir einir greiði atkvæði en þá verður skilyrði lögmætrar ákvörðunar að lágmark helmingur viðkomandi félagsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu.

Með þessu er sú óskiljanlega regla að sett að auðveldara verður að boða til verkfalls ef því er ætlað að taka til stærri hópa fremur en minni. Ekki verður séð hvernig þessi regla á að koma heim og saman við það sem þó hefur verið yfirlýst tilætlun frumvarpshöfunda, að draga úr fjölda tapaðra vinnudaga vegna verkfalla.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að sett verði ýmis ný skilyrði um lögmæti vinnustöðvunar sem sum hver virðast fyrst og fremst vera til þess fallin að skapa aukinn vafa um lögmæti verkfallsboðunar. Dæmi um þetta er eftirfarandi:

Í 16. gr. vinnulöggjafarinnar sem ekki er gert ráð fyrir að verði breytt er að finna ákvæði sem skyldar samningsaðila til að tilkynna þeim sem vinnustöðvun beinist að um slíka vinnustöðvun. Dómafordæmi sýna að sé þessu skilyrði ekki fullnægt getur það varðað ólögmæti vinnustöðvunar. Þess hefur ekki orðið vart að núgildandi lagastaða leiði til einhverrar verulegrar eða þungbærrar óvissu um það til hverra verkfall skuli ná. Greinin er svona:

*Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist aðallega gegn 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.*

Verði 15. gr. vinnulöggjafarinnar breytt í þá veru sem frumvarpið gerir ráð fyrir verður tillaga um vinnustöðvun að taka skýrt fram til hverra henni er ætlað að taka. Augljóst er að endalaust er hægt að deila um hvenær tillaga um verkfall er þannig úr garði gerð að fullnægi þessum áskilnaði. Bersýnilegt er að hér er stofnað til endalausra deilna um þetta atriði. Á sumum samningssviðum verður aðstaða tillögumanna sem vilja leggja til verkfall nánast vonlaus að þessu leyti. Atvinnurekendur koma og fara. Atvinnurekendur koma fram undir nýjum nöfnum eða kennistólum svo sem plagsiður er hér á landi og slíkum breytingum er afar erfitt að fylgjast með frá degi til dags.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að settar verði nýjar reglur sem gjörbreyta í raun eðli verkfallsheimilda almennu stéttarfélaganna. Í niðurlagsákvæði er lagt til að samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila (t.d. trúnaðarmannaráðum) sé jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun og mega einnig fresta slíkri vinnustöðvun einu sinni eða oftari um allt að 14 sólarhringa samtals með minnst sólarhrings fyrirvara. Slíkar frestanir mættu vara lengur en 14 sólarhringa að fengnu samþykki gagnaðila. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að verkalýðsfélögin semji um það við atvinnurekendasamböndin ef ætlunin er að fresta verkfalli lengur en 14 sólarhringa. Tillagan lýsir því líku þekkingarleysi á eðli samskipta á vinnumarkaði að undrun sætir. Um slíkt munu verkalýðsfélögin aldrei semja nema því aðeins að kjarasamningur sé í burðarliðnum og við núverandi aðstæður er verkfalli ævinlega frestað ef svo stendur á. Með þessu eru félögin einfaldlega neydd til að beita verkfallsvopninu fyrr en annars hefði hugsanlega orðið.

Verði þessar reglur að lögum má gera ráð fyrir að veruleg hættu sé á því að allar viðræður sem eiga sér stað eftir að til verkfalls hefur verið boðað verði afar erfiðar. Gera má ráð fyrir að félögin verði afar treg til að fresta eða aflýsa verkfalli nema samningur liggja fyrir og með þessu er sköpuð hættu á langvinnari verkföllum en almennt hafa orðið á undanföllum árum. Forráðamenn verkalýðsfélags sem fengið hafa afgreidda tillögu um verkfall, hugsanlega með miklum meirihluta, verða settir í nánast vonlausu stöðu til að koma í veg fyrir að til verkfalls komi. Með þessu er reglum á almennum vinnumarkaði



ýtt í átt til þeirra skelfilegu heimskulegu reglna sem gilt hafa um opinbera starfsmenn og sem leitt hafa til margra af þeim lengstu og erfiðustu verkföllum sem gerð hafa verið hérlandis á undanförunum áratugum.

#### **Vinnuveitendasamband Íslands:**

Ákvæði frv. um atkvæðagreiðslur og lágmarkspáttöku hefur veruleg áhrif á starfshætti VSI. Þannig er ljóst að ákvæði 2. og 4. gr. leiða til þess að taka verður upp beinar kosningar meðal aðildarfyrirtækja VSI um meiriháttar ákvarðanir á borð við samninga og verkbönn. Löglega gerðum samningum verður ekki hafnað nema með minnst 20% atkvæða aðildarfyrirtækja VSI og þá með minnst þriðjungs páttöku ef um hluta af starfssviði VSI er að tefla. Þessi lágmarkshlutföll gilda þó ekki varðandi atkvæðagreiðslur innan VSI ef póstkosning er viðhöfð frekar en hjá stéttarfélagunum.

Að gildandi lögum og samþykktum VSI öðlast engir kjarasamningar VSI eða aðildarfélaganna gildi nema 21 manns framkvæmdastjórn samtakanna samþykki og stjórnir hlutaðeigandi aðildarsamtaka hafi ekki hafnað samningnum. Til að hafna löglega gerðum samningi þarf samkvæmt frv. beina páttöku aðildarfyrirtækja VSI. Það verður ekki lengur gert af stjórninni einni.

Með sama hætti þarf samþykki aðildarfyrirtækja til að boða verkban þannig að það ferli verður umsvifameira en verið hefur.

Áhrif þessara breytinga hafa verið rædd töluvert á vettvangi VSI og er niðurstaða umræðunnar sú að beinna samband við félagsmenn og skýrari ábyrgð þeirra á stefnumótun og framkvæmd stefnunnar geti eingöngu orðið samtökunum til góðs. Hlutverk forystu samtakanna sé að tala fyrir stefnu, jafnt inn á við sem út á við, en ekki endilega að taka ábyrgðina frá einstökum aðildarfyrirtækjum. Enginn vilji er á að knýja fram stefnu sem ekki er skýr stuðningur við innan samtakanna. Því eru engar athugasemdir gerðar við kröfur um aukin bein áhrif félagsmanna á ákvarðanir stjórnar VSI.

Einstaka talsmenn stéttarfélaganna hafa að undanförunu talað um nauðsyn þess að hlutast til um uppbyggingu samtaka atvinnurekenda með því að ákveða að eigendur fyrirtækja greiði atkvæði um samþykkt samninga og skylda hluti. Þetta ætti væntanlega að þýða að þúsundir hluthafa stóru hlutafélaganna kæmu og greiddu atkvæði innan VSI í hlutfalli við eign sína í hlutaðeigandi félagi. Að því er varðar kjaramál opinberra stafsmanna þá yrði væntanlega að taka afstöðu til þeirra með þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi framsetning er áhugaverð og er til þess fallin að beina athygli löggjafans að mismunandi kröfum sem hann gerir til hlutafélaga annars vegar og stéttarféлага hins vegar. Um hlutafélagin gilda afar nákvæm lög þar sem skýrt er kveðið á um réttindi einstakra hluthafa, kosningu til stjórnar, verndun minnihluta svo og hlutverk og ábyrgð stjórnar og daglegra stjórnenda. Hlutafélagalögin telja 158 greinar og hafa yfirleitt ekki verið talin „óþolandi íhlutun um innri málefni“. Er þó öllum vítalaut að koma eða fara út hlutafélagi með kaupum eða sölu á hlutafé. Sama verður tæpast sagt um stéttarfélagin.

Frv. boðar grundvallarbreytingu að því er varðar skilyrði þess að ákveða vinnustöðvun. Um mikilvægustu breytinguna var í raun full sátt í margnefndum vinnuhópi, þ.e. þá að óheimilt sé að gera tillögu um vinnustöðvun nema fyrir liggi kröfur. Reynt hafi verið að semja um kröfurnar og aðstoðar sáttasemjara hafi verið leitað. Leiði þetta ekki til samninga sé heimilt að gera tillögu um vinnustöðvun. Ágreiningur var hins vegar um það hvort kalla ætti eftir almenntri atkvæðagreiðslu félagsmanna um málið

eða hvort fámennur hópur embættismanna félaganna ætti að hafa heimild til að boða til verkfalls.

Vinnustöðvun er afar róttæk aðgerð sem hefur áhrif langt út fyrir hagsmunasvið deiluaðila hverju sinni. Því er það lágmarkskrafa að ákvörðun um hana sé tekin með verulegum stuðningi og þá á þeim grundvelli sem fyrir liggur eftir að samninganefnd telur sig ekki ná lengra. Þá fyrst er unnt að meta hvort efnið og hvort líklegt sé að átök skili meiru. VSÍ vekur athygli á að nákvæmlega sömu reglur gilda um ákvörðun verkfalls og verkbanns og telja samtökin eðlilegt að slíkar ákvarðanir verði ekki teknar nema með viðtækum stuðningi félagsmanna. Því mætti að ósekju gera kröfu um hærra hlutfall en 20% þátttöku í atkvæðagreiðslu þar um. VSÍ sér ekki rök fyrir því að falla frá kröfu um þátttöku þótt eitthvert tiltekið form sé viðhaft við atkvæðagreiðsluna. Nær væri að gera kröfu um a.m.k. þriðjungspátttöku til að svo alvarleg ákvörðun sem fyrirskipun um vinnustöðvun nái fram að ganga.

Í frv. er nýjung í því að stéttarfélag geti einhliða frestað boðaðri vinnustöðvun ef það er gert með sólarhrings fyrirvara. VSÍ styður það fyrirkomulag að heimilt sé að fresta boðaðri vinnustöðvun enda ekki vitrænt að láta verkfall eða verkbann skella á ef horfur eru á samkomulagi. Á hinn bóginn er viðurhlutamikið að aflétta vinnustöðvun án niðurstöðu í vinnudeilu og því skynsamlegt að heimila frestun.

Hingað til hefur það verið viðurkennd regla að samþykki gagnaðila þurfi fyrir frestun ef frestað er um skemmri tíma en sem nemur boðunarfresti sem er 7 sólarhringar. Þetta er eðlilegt, því oft er tjón af vinnustöðvun að verulegu leyti komið fram töluvert áður en vinnustöðvun kemur fornlega til framkvæmda. Frestun vinnustöðvunar getur þá í einstaka tilvikum haft þá þýðingu eina að halda verkfallsmönnum á launaskrá og fyrirtækið sem verkfallsboðun beindist að ber þá bæði tjónið og launakostnað verkfallsmanna. Til að fyrirbyggja þessa stöðu og draga úr þrýstingi á að sérhverri verkfallsboðun sé mætt með verkbanni teldi VSÍ æskilegt að miða við 3 sólarhringa fyrirvara fyrir frestun vinnustöðvunar án samþykkis gagnaðila. Með samþykki er hins vegar alltaf hægt að fresta vinnustöðvun.

#### **Bandalag háskólamanna:**

##### **Um 4. og 5. gr.**

1. Þetta felur í sér lagaboð um afskipti af innri málefnum stéttarfélaga um það hvernig þau standa að ákvörðun um boðun verkfalls sem er órökstutt og ónauðsynlegt og felur þessi breyting í sér að gengið er á réttarstöðu stéttarfélaga skv. 87. samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar.

2. Tillagan stríðir gegn 98. samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um frjálsan samningsrétt.

3. Þessi grein frumvarpsins þýðir að réttur félagsmanna til að framselja ákvörðun til stjórnar, trúnaðarmannaráðs eða samninganefndar um hvort og þá hvenær skuli farið í verkfall er afnumin með lagaboði. Einnig þetta virðast vera órökstudd og ónauðsynleg afskipti af innri málefnum stéttarfélags. Ósamræmis gætir þvarna því slíkt framsal á ákvörðunarrétti er heimilað til að fresta beinni ákvörðun félagsmanna um boðun verkfalls sem er þá í raun ólýðræðisleg athöfn.

4. Ástæða er til að veita því athygli að engin hliðstæð kvöð er lögð á vinnuveitendur, þ.e. ákvörðun um vinnustöðvun (þ.e. verkbann), er ekki tekin í beinni atkvæðagreiðslu allra eigenda (hluthafa) hlutaðeigandi fyrirtækja heldur er gert ráð fyrir

að réttur til ákvörðunar sé aðeins tekinn af fulltrúum eigenda, stjórnendum fyrirtækjanna á vettvangi félags vinnuveitenda. Kröfunni um lýðræðislega ákvörðunartöku er þess vegna aðeins beint gegn félagsmönnum stéttarfélaga en ekki vinnuveitendum, hinum raunverulegu eigendum fyrirtækjanna.

5. Sú spurning vaknar hvort frumvarpið stenst þá jafnræðisreglu sem víða er að finna í stjórnarskránni.

6. Taka má undir með höfundum frumvarpsins að það feli að þessu leyti í sér skerðingu á samningsrétti á almennum vinnumarkaði sem á sér vissa fyrirmynd í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna en í þeirri fyrirmynd er þó engin réttlætning heldur þvert á móti víti til varnaðar. Um það vitna átökin undanfarin ár milli stéttarfélaga opinberra starfsmanna og vinnuveitenda þeirra. Má ætla í ljósi þeirrar reynslu að verkföll gætu bæði orðið langvinnari og viðtækari í framtíðinni en verið hefur um árábil á almennum vinnumarkaði.

### **Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Í greininni eru sett fram ný ákvæði um ákvörðun verkfalls, skilyrði þess og fleira. Enn eru á ferðinni afskipti af innri málum félaganna og það afar alvarleg. Lagt er til atlögu við lýðræðislegar stofnanir félaganna, þ.e. stjórn og trúnaðarmannaráð. Trúnaðarmannaráðin eiga sér langa og afar rökstudda hefð. Þau byggja á fulltrúalýðræði sem hvarvetna er tíðkað og þykir reynast vel. Í trúnaðarmannaráðum eiga sæti launamenn af fjölmörgum vinnustöðum og endurspeglar þau vilja og þarfir allflestara starfsgreina, vinnustaða og vinnuhópa félaganna. Enginn hefur til þessa dregið í efa að ákvarðanir um verkföll undirritaðra félaganna hafi verið teknar á grundvelli vilja mikils meiri hluta og með lýðræðislegum aðferðum, ýmist að undangengnum fjöldafundum, vinnustaðafundum, skriflegum atkvæðagreiðslum og fleiri aðferðum, allt að reglum félaganna. Vinnuveitendasamband Íslands hefur hins vegar haft horn í síðu trúnaðarmannaráðanna. Er að sjá að ríkisvaldið hafi að vilja VSI kosið að ráðast gegn sjálfum kjarna skipulags okkar. Með frv. er þeim félagsmönnum sem ekki taka þátt í lýðræðinu veitt atkvæðavægi sem á sér ekki hliðstæðu. Enn ein atkvæðaregla er tekin upp og boðið upp á póstatkvæðagreiðslu sem fullnægir vart lýðræðislegum hugmyndum og getur ekki talist leynileg í réttum skilningi þess orðs.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. um tillögu að vinnustöðvun og skilyrði lögmætrar boðunar fela bæði í sér afskipti af og takmörkun á verkfallsrétti. Skilyrðið um viðræðutilraunir um framlagðar kröfur er óljóst. Hvað um aðrar nýjar kröfur sem settar eru fram vegna nýrra aðstæðna sem skapast eftir að viðræðuáætlun er gerð og viðræður hafa átt sér stað. Eiga stéttarfélög að þurfa að sætta sig við að geta hvorki sett fram nýjar kröfur né fylgt þeim eftir með vinnustöðvun ef ríkisvaldið tekur veigamiklar kjaraskerðandi ákvarðanir, svo sem um gengisfellingu, eftir að viðræður hafa átt sér stað um framlagðar kröfur? Er ætlunin að takmarka verkfall við framlagðar kröfur einar? Það er ólöglegt takmörkun samnings- og verkfallsréttar sem Alþingi getur ekki heimilað.

Með ákvæðum 4. mgr. og 4. gr. og öðrum ákvæðum frv. er stuðlað að fleiri langvinnari og viðtækari verkfallsaðgerðum og erfiðari kjaraviðræðum. Í greininni felst lögbundið valdframsal til samninganefnda og stjórnenda og réttur félagsmanna til að hafa áhrif á ákvarðanir er takmarkaður til muna eins og einnig er gert með ákvæðum 2. gr. og fleiri greinum frv. allt í sömu andrá og frumvarpsbófundar láta í veðri vaka

lýðræðisást á óbreyttum félagsmönnum sem brenni sterkast gagnvart þeim sem eru félagslega óvirkir.

Í 4. gr. frv. eru almennt lagðar til breytingartillögur sem eru andstæðar alþjóðasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja. Nægir hér að nefna samþykktir ILO nr. 87 og 98 og félagsmálasáttmála Evrópu sem getið er í inngangi. Breytingarnar eru fullkomlega óásættanlegar.

#### **Verkamannasamband Íslands:**

4. gr. frv. er harðlega mótmælt bæði í einstökum liðum og í heild. Hún er ónauðsynleg íhlutun um innri málefni stéttarféлага. Hún er árás á núverandi fyrirkomulag trúnaðarmannaráða sem reynst hafa mjög vel til þessa. Samkvæmt núgildandi reglum geta stéttarfélög aflað sér almennrar og opinna verkfallsheimildar eftir reglum 15. gr. vinnulöggjafarinnar en hafa haft nokkuð frjálsar hendur um dagsetningar og fresti verkfalla. Með ráðagerð frv. er þessi réttur af stéttarfélagunum tekinn sem leiðir ekki til neins annars en allsherjarverkfalla og ósveigjanleika í allri framkvæmd.

Gert er ráð fyrir að settar verði nýjar reglur sem gjörbreyta í raun eðli verkfallsheimilda almennu stéttarfélaganna. .... Verði þessar reglur að lögum má gera ráð fyrir að veruleg hætta sé á því að allar viðræður sem eiga sér stað eftir að til verkfalls hefur verið boðað verði afar erfiðar. Gera má ráð fyrir að félögin verði treg til að fresta eða aflýsa verkfalli nema samningur liggja fyrir og með þessu er sköpuð hætta á langvinnari verkföllum en almennt hafa átt sér stað á undanförunum árum. Hætt er við því að þegar búið er að hafa fyrir því að framkvæma atkvæðagreiðslu um verkfall á ákveðnum tíma eða degi, séu menn tregir til þess að kvika frá því eftir alla fyrirhöfnina. Vopnið verði orðið of dýrt og fyrirhafnarmikið til að fórna því. Að þessu leyti er líklegt að verkföllum fjölgi frekar en hitt vegna ósveigjanlegri reglna. Með reglu frv. um að fimmtungs þátttöku þurfi til að ákveða verkföll heilla félaga en helmings þátttöku til að boða verkföll hluta félagsmanna er augljóst að stefnir í að verkföll verði almennt víðtækari.

#### **Vinnumálasambandið:**

Síðasta málsgreinin hljóði svo: „Samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun. Sáttasemjara er heimilt, með samþykki samningsaðila, að fresta boðuðu verkfalli einu sinni eða oftari í allt að 14 daga, endu metur hann það svo að það geti orðið til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga.“

#### **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:**

Það er óeðlilegt að stéttarfélög hafi ekki sjálf ákvörðunarvald um hvað háttur er hafður á varðandi ákvörðun um atkvæðagreiðslu um verkföll og niðurstöðu kjarasamninga og á hvern hátt hún fer fram. Í þessu sambandi má geta þess að aðildarfélög hjá BSRB byggja á hefðum og ákveðnum reglum sem félögin sjálf hafa sett sér um atkvæðagreiðslu um niðurstöðu kjarasamninga og þótt engar lögþvinganir séu til staðar er niðurstaðan sú að þátttaka í atkvæðagreiðslum er mjög mikil, iðulega á milli áttatíu og níutíu af hundraði.

Samkvæmt frv. skal í tillögu um vinnustöðvun koma fram hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda í stað þess að greidd séu atkvæði um verkfallsheimild.

Nær væri að breyta þeim reglum sem gilt hafa um þetta efni hjá opinberum stafsmönnum í átt til þess sem gildir samkvæmt núgildandi ákvæðum laganna frá 1938 í stað þess að nálgast þær ósveigjanlegu reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum. BSRB hefur margoft óskað eftir breytingum á lögum nr. 94/1986 og þá fyrst og fremst þriðja kafli laganna um verkföll. En það hefur sýnt sig að sá háttur að binda ákvörðun um verkfall tiltekinni dagsetningu, sem ekki verður hnikað, torveldar samskipti aðila. Nær væri að greidd væru atkvæði um heimild til að boða verkfall. Þá hefur það verið samdóma álit BSRB og samningsaðila, að það fyrirkomulag sem er við lýði um undanþágur í verkfalli er nánast óframkvæmanlegt og þarfnast breytinga.

#### **Véltjórafélag Íslands:**

Í 4. gr. er að finna verulegar breytingar varðandi öflun heimildar til að boða vinnustöðvun. Í gildandi lögum er um þrjár leiðir að velja til boðunar vinnustöðvunar: 1. Við almenna leynilega atkvæðagreiðslu sem staðið hefur í 24 klst. enda hafi félagsstjórn auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skuli fara fram.

2. Af samninganefnd eða félagsstjórn sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með sams konar leynilegri atkvæðagreiðslu.

3. Af trúnaðarmannaráði ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. 3/4 hlutum greiddra atkvæða á löglegum trúnaðarmannaráðsfundi.

Frv. gerir ráð fyrir tveimur megináðferðum til boðunar vinnustöðvunar:

1. Með leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem þátttaka er 20% eða meiri og tillagan studd meiri hluta atkvæða sem á að því að okkur virðist að vera meginreglan. Sé aftur á móti um að ræða það að verið sé að leita verkfallsheimildar fyrir hluta félagsmanna eða verkfallsboðunin taki einungis til hluta starfsmanna á viðkomandi vinnustað þá þarf þátttakan að vera yfir 50% og studd meiri hluta greiddra atkvæða.

2. Með póstaðgreiðslu og gildir þá meiri hluti greiddra atkvæða án tillits til fjölda þátttakenda.

Hér er, eins og fram kemur, um verulega breytingu að ræða frá gildandi lögum sem felst í því að heimild til verkfallsboðunar er í öllum tilvikum bundin atkvæðagreiðslu og sé ekki um póstaðgreiðslu að ræða þarf 50% þeirra sem boðunin tekur til að taka þátt sé um vinnustað að ræða þar sem boðunin tekur til hluta starfsmanna, en hér á landi eru þeir vinnustaðir tæpast til nema þá hjá opinbera geiranum þar sem starfsmennirnir taka kaup og kjör samkvæmt einum kjarasamningi. Þess vegna verður aðalreglan ekki 20% heldur 50% þátttaka í atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun á almenna vinnumarkaðinum eins og látið hefur verið liggja að í umfjöllun um frv.

Að mati VSFÍ kemur ekki til greina að fella niður heimild trúnaðarmannaráðs til boðunar verkfalls. Félagið hvetur þingnefndina í því sambandi til þess að leita sér upplýsinga um hvort verkföll séu hlutfallslega tíðari hjá þeim félögum sem hafa þá heimild eða hinum sem afla hennar með allsherjaratkvæðagreiðslu. Hjá VSFÍ er trúnaðarmannaráðið samansett af stjórn félagsins að viðbættum 6 fulltrúum og 6 til vara sem kosnir eru til eins árs í senn á aðalfundi félagsins. Stjórn félagsins er aftur á móti kosin annað hvert ár og stillt upp til hennar af sérstakri uppstillingarnefnd sem aðalfundur kys og á almennum félagsfundi.

Öllum félagsmönnum eru sendir í pósti kjörseðlar sem þeir endursenda að kjöri loknu

og hafa til þess 3 mánuði. Eins og hér kemur fram ríkir fullkomið lýðræði hjá VSFÍ við val á stjórn og trúnaðarmannaráði og hjá okkur hefur ekki einn einasti félagsmaður haft uppi óskir um að breyta lögum félagsins í þá átt að taka upp allsherjaratkvæðagreiðslu til ákvörðunar um boðun verkfalls.

Hér er um viðurkennt fyrirkomulag að ræða og þarf raunar ekki að vitna lengra en til vals þjóðarinnar á fulltrúum til setu á Alþingi. Alþingi setur þjóðinni síðan lög og reglur, ákvarðar aðild að erlendum samþykktum svo nokkuð sé nefnt. Þetta vald telur þingið sig hafa og hefur ekki enn, svo langt sem undirritaður man, talið sig þurfa að leita eftir afstöðu þjóðarinnar til einstakra mála. Í því sambandi er skemmst að minnast aðildar Íslands að EES samþykktinni.

Kjósi félög aftur á móti að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu þá er það mat félagsins að einfaldur meiri hluti þeirra sem taka þátt eigi að ráða. Til viðbótar er rétt að taka það fram að fyrir félög sem hafa sjómenn innan sinna raða er allsherjaratkvæðagreiðsla um verkfallsboðun nánast útilokuð af tæknilegum ástæðum.

#### **Verzlunarmannafélag Reykjavíkur:**

Varðandi vinnustöðvun er eðlilegt að til séu skýrar reglur um hvenær vinnustöðvun sé heimil. Numin er úr gildi heimild fyrir trúnaðarmannaráð félaga að boða til vinnustöðvunar. Rétt er að benda á að áður en trúnaðarmannaráð beita þeirri heimild efna félög yfirleitt til félagsfunda þar sem tekin er afstaða til vinnustöðvunar. Eðlilegt er að það sé hlutverk trúnaðarmannaráða félaga að útfæra verkfallsheimildina og hvenær henni verði beitt miðað við framgang samninga. Þessi réttur trúnaðarmannaráða stéttarfélaga á sér langa og vel rökstudda hefð og byggir á fulltrúalýðræði sem gefist hefur vel. Með frv. virðist sem verið sé að lögfesta aðferð sem gildir um opinbera starfsmenn þar sem í atkvæðagreiðslu er tekin ákvörðun um á hvaða degi verkfall skuli hefjast. Þær reglur hafa reynst illa og torveldað samningsgerð og því engin ástæða til að taka þær upp í frv.

Í síðustu málsgrein er samninganefnd félags veitt heimild til að fresta boðaðri vinnustöðvun um allt að 14 daga eða aflýsa. Hér er samninganefnd félags veitt vald til að breyta ákvörðun félagsmanna sem gengur þvert á yfirlýsingar félagsmálaráðherra um að verið sé að færa valdið til hins almenna félagsmanns.

Við atkvæðagreiðslur er gerður greinarmunur á hvort vinnustöðvun tekur til hóps eða starfsgreinar innan félagsins eða félagsins alls. Ríkari kröfur eru gerðar til þátttöku í atkvæðagreiðslu ef vinnustöðvun tekur til hluta félagsmanna heldur en ef vinnustöðvun á að ná til félagsins alls og beitt er póstafrgreiðslu. Þetta getur leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu og er brot á almennri jafnræðisreglu. Engin rök eru fyrir því að gera greinarmun á afgreiðslu starfsgreinar eða hóps innan félags til vinnustöðvunar en hjá öllum félagsmönnum. Þessi mismunur getur leitt til þess að stór félög eins og VR skipti sér upp í minni félög til að auðvelda afgreiðslu mála. Það þýðir fjölgun stéttarfélaga.

Varðandi almennt um atkvæðagreiðslur í frv. og hve flóknar og ósanngjarnar þær geta orðið er vísað til fylgiblaðs með athugasemdum þessum.

#### **Verzlunarmannafélag Húsavíkur:**

Í frv. er gert ráð fyrir þegar ákveða á vinnustöðvun þurfi að liggja fyrir hvenær vinnustöðvun hefist, hve lengi hún stendur og til hverra hún nær. Vinnustöðvun má ekki fresta nema í 14 daga án samþykkis viðsejenda. Þessi breyting er mikil afturför því hún mun þýða að félagsmennirnir verða að fara í verkfall innan 14 daga, þannig að

verkfallsboðun verður ekki notuð til að knýja á um viðræður heldur verður hún nærri sjálfkrafa að verkfalli. Þetta mun þýða meiri hörku í þessum samskiptum en verið hefur. Það jafnast á við besta brandara að þurfa að semja við atvinnurekendur um frestun verkfalls.

Í frv. er gert ráð fyrir að fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar ráðstafanir sem jafna má til vinnustöðvunar teljist til vinnustöðvunar/verkfalls. Grein þessi er mjög vel fallin til þess að ágreiningur geti myndast. Ekki er skýrt hverjar aðrar sambærilegar ráðstafanir séu. Með þessu er sú kvöð lögð á launþega að þeir geti ekki ákveðið að hætta hjá fyrirtæki þegar þeir kjósa, sem er í ósamræmi við allar venjur sem tíðkast hafa fram að þessu. Fyrirtæki gætu læst inni hjá sér starfsmenn sem vildu hætta vegna lélegra launa og/eða annarra ástæðna.

#### **Félag leiðsögumanna:**

Félag leiðsögumanna er ekki aðeins stéttarfélag sem berst fyrir réttindum félagsmanna. Það er einnig samtök fólks sem hefur starfað sem leiðsögumenn og vilja halda tengslum við þá sem starfa hverju sinni og njóta þeirrar fræðslu sem býðst á vegum félagsins. Af þessum sökum eiga ekki allir núverandi fullgildir félagsmenn kjaralegra hagsmuna að gæta. Vegna þessa kemur upphaf 4. gr. illa við félagsmenn. Næði hún fram að ganga yrðum við að takmarka félagi við þá sem starfa hverju sinni. Það sama má segja um 6. gr. j.

#### **Félag byggingariðnaðarmanna:**

Í 4. gr. er óskiljanlegt ákvæði um heimild til að fresta boðaðri vinnustöðvun. Ekki er hægt að lesa annað úr orðanna hljóðan en að aðili sem ákveður boðun vinnustöðvunar hafi einungis rétt til frestunar í samanlagt 14 daga, en þurfi eftir það að leita samþykkis vinnuveitanda til frekari frestunar. Er slíkt vænlegt til að draga úr átökum á vinnumarkaði eða auðvelda friðsamlega lausn?

#### **Verkalýðsfélagið Fram:**

Í umsögninni segir að oft sé gripið til þess í sambandi við kjaradeilur að boða verkfall en deilan leysist oft áður en til verkfalls kemur m.a. vegna þess þrýstings sem verkfallsumræðan skapar. Þær reglur sem settar séu fram í frv. um atkvæðagreiðslur um boðun verkfalls gefi hins vegar ekki þann sveigjanleika sem nú er. Í því sambandi er bent á reynsluna hjá opinberum starfsmönnum.

#### **Verkalýðsfélag Borgarness:**

Félagið leggur til að 4. gr. frv. verði felld niður og 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur standi óbreytt. Sá háttur sem hafður er á um boðun verkfalla hefur gefist vel og ekki er ástæða til að gera breytingar þar á.

#### **Verslunarmannafélag Skagfirðinga:**

Í 4. gr. frv. er ráðgert að gjörbreyta verkfallsréttinum. Verði þetta að lögum er verið að taka nauðsynlegan sveigjanleika úr sanningsferlinu og færa meðferð verkfallsvopnsins nær þeim óskynsamlegu reglum sem gilt hafa um opinbera starfsmenn. Afleiðingarnar af þessum breytingum í heild eru fleiri verkföll, lengri verkföll og víðtækari verkföll.

**Bíliðnafélagið:**

Sú nýbreytni verður með þessu frv. að greiða þarf atkvæði um boðun verkfalls og skal það koma til framkvæmda á tilteknum degi. Verkfallinu er síðan hægt að fresta í tiltekinn tíma en síðan ekki söguna meir nema að fyrir liggja samþykki viðsemjenda. Við eigum sem sagt að ganga bónveg til VSÍ til að fá að fresta verkfalli. Það er því nokkuð ljóst að ef samningur liggur ekki fyrir á verkfallsdegi þá verður farið í verkfall. Fáir munu aflýsa verkföllum sem boðað er á tilteknum degi og þurfa síðan að fara í aðra atkvæðagreiðslu um boðun. Sú samninganefnd sem aflýsir verkfalli og nær ekki samningum mun ekki eiga upp á pallborðið hjá félögum eftir það.

Þetta er í anda þess kerfis sem er í gangi hjá opinberum starfsmönnum í dag og ef borin eru saman fjöldi og lengd verkfalla innan þess geira og ASÍ kemur í ljós að þar eru verkföll fleiri og mun harðari. Sá sveigjanleiki sem hefur verið í boðun verkfalls innan almennra stéttarféлага hefur leitt til færri verkfalla. Þennan sveigjanleika á nú að taka af.

**Félag járníðnaðarmanna:**

Ef vinnustöðvun á að ná til ákveðins hóps félagsmanna er heimilt, en ekki skylt, að láta atkvæðagreiðsluna ná til þess hóps en þá þarf helmingur hópsins að taka þátt í atkvæðagreiðslu svo hægt sé að samþykkja vinnustöðvun með meiri hluta atkvæða. Nú er það svo að verkalýðsfélög þurfa að semja við marga vinnuveitendur. Auk VSÍ og Vinnuálagasambandsins eru samningar við einstök fyrirtæki, bæjarfélög og ríkið. Í flestum tilvikum hafa vinnustöðvanir verið boðaðar gagnvart hluta félagsmanna, þ.e. vegna tiltekins samnings og þá eftir fundarsamþykkt í viðkomandi hóp sem oftast en ekki hefur falið trúnaðarmannaráði félagsins að ákveða nánar með dagsetningu.

Samkvæmt frv. þarf að fara fram almenn leynileg atkvæðagreiðsla sem nær til allra félagsmanna um boðun verkfalls gagnvart öllum samningum á sama tiltekna tímanum og þá eftir skilyrðum um fimmtungs þátttöku eða skipta atkvæðagreiðslu eftir fjölda samninga þar sem atkvæðapáttaka þarf að vera helmingur þeirra sem vinna samkvæmt samningnum.

Ljóst er að reglurnar í frv. eru miklu frekar til þess fallnar að farin verði leið einnar atkvæðagreiðslu um boðun allsherjarvinnustöðvunar og því líklegar til að fjölga verkfallsdögum.

**Félag starfsfólks í veitingahúsum:**

Í 4. gr er fjallað um boðun verkfalls. Þar segir: „Í tillögum um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hvernna henni er ætlað að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda.“ Þessi setning sviptir Félag starfsfólks í veitingahúsum í reynd verkfallsvopninu því allt of mörg fyrirtæki í veitingarekstri skipta jafn oft um kennitölu og fólk skiptir um sokka. Það yrðu því ekki nema fá fyrirtæki sem við gætum staðið í kjaradeilu við og þá þau heiðarlegu. Er það virkilega ætlun félagsmálaráðherra og alþingismanna að svipta láglauakonur og -karla verkfallsvopninu og hygla þar með skúrkunum?!

**Verkalýðsfélögin á Snæfellsnesi:**

Dæmi I. Þriggja manna samninganefnd undirritar samning fyrir hluta af félagsmönnum stéttarfélags. Af þeim 5000 félagsmönnum sem samningurinn nær til greiða 30% atkvæði sitt. Ekki einn einasti utan samninganefndarinnar greiðir samningnum atkvæði sitt og 155



félagar, eða 99,8% þeirra sem taka afstöðu segja nei. Samningurinn telst samþykktur.

**Eimskip:**

Vinnustöðvun er róttæk aðgerð sem hefur áhrif langt út fyrir hagsmunasvið deiluaðila hverju sinni. Nákvæmlega sömu reglur gilda um ákvörðun verkfalls og verkbanns. Því er það í hæsta máta eðlilegt og og sjálfsögð krafa að slíkar ákvaðarnir séu ekki teknar nema með viðtækum stuðningi félagsmann. Því virðist viðmið um 20% lágmarkspáttöku, eins og frv. gerir ráð fyrir, ákaflega hógvært.

**Sjá álit Lagastofnunar H.Í. bls. 18-23 og bls. 27.**

**5. gr.**

Við lögina bætist ný grein er verður 19. gr. laganna og orðast svo:

Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.

**Alþýðusamband Íslands:**

Í frumvarpinu er lagt til að í lögina bætist ný grein, 19. gr., þar sem lögfestur verði skilningur sem þegar er viðurkenndur í réttarframkvæmd um aðgerðir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að ná sameiginlegu markmiði og fela í sér niðurlagningu starfa. Á slíkar aðgerðir er litið sem verkföll. Að því leyti sem ekki hefur verið talið sannað að fjöldauppsagnir hafi verið að undirlagi félaga hafa slíkar uppsagnir ekki verið taldar verkföll fram að þessu en með orðalagi greinarinnar virðast vera uppi áform um að breyta þessum skilningi. Sé ætlunin sú að breyta skilningnum þannig að ekki þurfi að koma til sönnunar á aðild félags að fjöldauppsögnum til að á þær verði litið sem verkföll er slíkt ólöglegt. Slíkt fæli í sér að heimild manns til að ráða því hvar hann starfar væri af honum tekin. Slíkt stenst ekki að íslenskum lögum eða mannréttindaákvæðum þeirra mannréttindasáttmála sem Íslendingar eiga aðild að.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Fyrsti málsliður greinarinnar er óþarfur nema ætlunin með henni sé að takmarka verkfallsrétt félaganna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1980. Orðalagið „að ná tilteknu sameiginlegu markmiði“ bendir til þess. Í dag velkist enginn í vafa um hvað sé verkfall. Ný en óljós skilgreining í frv. leiðir til ástæðulausrar réttaróvissu og málaferla. Ákvæði um fjöldauppsagnir á með sömu rökum ekki heima í frv. Réttarstaða varðandi fjöldauppsagnir er ljós og er breytingartillaga ekki til bóta. Að auki kann ákvæðið að takmarka þau grunnréttindi launamanna að velja sér störf eða hætta störfum.

**Verkamannasamband Íslands:**

Í 5. gr. frv. er alvarleg vanþekking á meginreglum vinnuréttarins og er hún stórhættuleg að auki. Þar ráðast höfundar frv. í að skilgreina inntak verkfallsins og verkbannsins. Samkvæmt núgildandi 14. gr. vinnulöggjafarinnar hefur það gilt og er

gildandi að heimild til verkfalla sé hjá stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum. Um þessi verkföll stéttarfélaga og atvinnurekenda gilda alveg ákveðnar reglur eins og kunnugt er og ströng skilyrði. Um vinnustöðvanir, fjöldauppsagnir launafólks eða sambærilegar aðgerðir atvinnurekenda gilda hins vegar margar reglur allt eftir eðli aðgerðanna og þátttöku stéttarfélaga í þeim. Hér er komið út á viðkvæmt svið kjaradeilunnar. Margar fjöldauppsagnir eru löglegar og eðlilegar. Aðrar ugglaust í kjaralegum tilgangi og þá ólöglegar ef í gildi er kjarasamningur. Með ákvæði frv. er tekið af skarið og það svo rækilega að því er virðist að fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eru flokkaðar undir verkföll án tvímæla og vandséð hvaða skriðu slík lög geta hleypt af stað á vinnumarkaði.

#### **Útgerðarfélag Akureyringa hf.:**

Svohljóðandi viðbót þarf að koma aftan við 1. mgr. vegna ákvæðis í 2. gr. og (mildun ákvæðis í 3. gr.): „Samanber þó ákvæði í 2. gr.“

**Sjá álit Lagastofnunar H.Í. bls. 23 og 28.**

#### **6. gr.**

Á eftir 19. gr. laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Um sáttastörf í vinnudeilum**, með 18 nýjum greinum, svohljóðandi:

##### **a. (20. gr.)**

Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megí hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.

Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.

Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.

Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.

#### **Félag starfsfólks í veitingahúsum:**

Það er í hæsta máta undarlegt að ekki skuli gerðar neinar hæfniskröfur til ríkissáttasemjara eins og honum eru fengin mikil völd í frv. Þá er eftirtektarvert að félagsmálaráðherra á að gefa á garðann í launum vararíkissáttasemjara og annarra sem

eiga að koma til verka í sáttastörfum. Það er undarlegt í ljósi þess að ríkið er stærsti atvinnurekandi landsins og þar með ekki hlutlaus aðili í þessu sambandi.

**b. (21. gr.)**

Skrifstofa ríkissáttasemjara er í Reykjavík og ræður hann til hennar starfsfólk eftir þörfum og í samræmi við heimildir.

**c. (22. gr.)**

Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum milli launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar.

Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Hann skal fylgjast með þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi í samskiptum samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna.

Ríkissáttasemjari skal halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir. Breytingar á áður gildandi kjarasamningum skulu sendar með sama hætti. Sömu aðilar skulu einnig senda sáttasemjara samrit allra kauptaxta og kjaraákvæða sem út eru gefin á grundvelli gildandi kjarasamninga.

Samningsaðilar skulu enn fremur senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga, svo og kröfugerð, jafnskjótt og hún er send gagnaðila.

**d. (23. gr.)**

Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lögmætum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi 10 vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.

**Alþýðusamband Íslands:**

Í 23. gr. l. nr. 80/1938 kæmi nýtt ákvæði um viðræðuáætlun þar sem gert er ráð fyrir að skyldan til að gera viðræðuáætlun sé lögð á einstök stéttarfélög sem þó geta falið landssamböndum eða heildarsamtökum gerð slíkra áætlana fyrir sína hönd. Viðræðuáætlun skal liggja fyrir í síðasta lagi 10 vikum áður en samningar verða lausir og ef það gerist ekki skal sáttasemjari í síðasta lagi 8 vikum áður en samningar verða lausir gefa út slíka áætlun sem þá taki mið af þegar fram komnum áætlunum. Í ákvæðinu er enga leiðbeiningu að finna um það hvert skuli vera efni viðræðuáætlana. Almennt má segja um hugmyndina um viðræðuáætlun í því formi sem hún kemur fram í frumvarpinu að mjög fáar tilraunir virðast gerðar til að ljá efni og gerð viðræðuáætlana lögfylgjur. Þó blasir við að það er virk aðferð til að tryggja fylgni við viðræðuáætlun og skapa gerð

kjarasamninga fastari ramma. Hættan sem skapast við það að reyna að lögbinda viðræðuáætlun áður en slíkt úrræði hefur mótast og náð fótfestu í samningum aðila vinnumarkaðarins er sú að úrræðið verði fyrst og fremst formleg skylda sem menn verði að uppfylla og muni uppfylla án þess að ljá slíkum áætlunum það efnislega innihald sem er forsenda þess að raunverulegt gagn sé af gerð slíkra vinnuskjala.

#### **Bandalag háskólamanna:**

##### **d- og e-liðir:**

1. Skyldan að gera viðræðuáætlun felur ekki aðeins í sér afskipti af innri málefnum stéttarfélags, sbr. 87. samþykkt Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar, heldur einnig bein afskipti af samningsrétti og beitingu hans.

2. Þessi formbinding á samningaviðræðum stríðir gegn 98. samþykkt Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar.

3. Sáttasemjari fær heimildir til að þvinga fram tiltekna niðurstöðu sem sviptir stéttarfélagið í raun samningsrétti um viðræðuáætlun. Það stríðir einnig gegn 98. samþykkt Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar og báðar þessar greinar hljóta að stríða gegn efni og inntaki 74. gr. stjórnarskrárinnar (félagafrelsi) og 65. gr. hennar (jafnræðisreglan).

#### **Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Gerð viðræðuáætlunar er góðra gjalda verð en er ekki löggjafaratriði heldur samningsatriði aðila vinnumarkaðarins. Tímastofur samkvæmt greininni eru alltof knappir og óæskilegt að njörva samningaferlið niður fyrirfram. Lausn kjaradeilu kallar á sveigjanleika sem ekki verður náð með lögbindingu. Er vert að minna á að innan núverandi kerfis hafa náðst tímamótasamningar eins og svonefnd þjóðarsátt. Ólíklegt er að slíkt sátt hefði náðst að leikreglum sem lagðar eru til í frv. um sáttastörf í vinnudeilum. Greinin vekur fleiri spurningar en hún svara og þyngir viðræður og leggur grunn að harðvítugri og fleiri verkföllum. Enga skilgreiningu er að finna á því hvað felast eigi í viðræðuáætlun og meðferð krafna sem koma fram eftir gerð hennar. Auðvelt virðist vera að semja alhliða viðræðuáætlun og kröfugerð með því að gera nógu háar kröfur um kauphækkun og almennar kröfur er lúta að öllum atriðum kjarasamnings og þjóðmála og brúka í hvert sinn sem samningar eru lausir. Vandséð er hvernig tillögur frv. leysa þau vandamál sem frumvarpshöfundum sýnast blasa við. Þessi meintu vandamál verða aldrei leyst einhliða af stærsta atvinnurekanda landsins, ríkisvaldinu, í skjóli þingmeiri hluta.

#### **Félag starfsfólks í veitingahúsum:**

Atvinnurekendur eða samtök þeirra og stéttarfélög skulu gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings. Samningsaðilum er heimilt að veita landssamböndum eða heildarsamtökum sérstakt umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir sína hönd ef slíkt umboð leiðir ekki af lögmætum samþykktum sambanda eða samtaka samningsaðila. Viðræðuáætlun, undirrituð af báðum samningsaðilum, skal þegar í stað send ríkissáttasemjara.

Viðræðuáætlun skal gerð í síðasta lagi 10 vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus.

ingur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar.

#### **Véltjórafélag Íslands:**

Gerir ráð fyrir sérstakri viðræðuáætlun sem skal liggja fyrir 10 vikum áður en samningar eru lausir. Viðræðuáætlun er vafalítið góð fyrir stærstu einingarnar á vinnumarkaðinum sem móta kjarastefnuna hverju sinni en viðræðuáætlun vegna hvers einasta kjarasamnings teljum við nú ofrausn og raunar er það nú okkar skoðun að nóg sé nú talað í tengslum við gerð kjarasamninga og meira tal muni síst af öllu flýta fyrir.

Verði niðurstaðan upptaka viðræðuáætlana varðandi gerð kjarasamninga þá er það skoðun félagsins að þær ættu við víðar í samfélaginu, t.d. á hinu háa Alþingi, ef með henni mætti forða þeim álagstoppum sem virðast ríkja á þeim vinnustað um áramót og við þinglok að vori, ár hvert.

#### **Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Veigamestu breytingar frv. felast í breytingum á lögnum um sáttastörf í vinnudeilum. Breytingarnar miða að því að færa allar samningaviðræður í einn farveg. Þetta er gert með ákvæðum um viðræðuáætlun (6. gr. d). Ef stéttarfélag og atvinnurekendur ná um það samkomulagi er það skynsamleg verklagsregla að einstök stéttarfélög og atvinnurekendur geri áætlun hvort sem aðilar ná um hana samkomulagi eða ekki. Hafi aðilar ekki náð samkomulagi um viðræðuáætlun 10 vikum áður en samningur rennur út, þá á sáttasemjari að búa til viðræðuáætlun og taka mið af öðrum áætlunum sem þegar hafa verið gerðar.

#### **Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi:**

Nái áform frv. um viðræðuáætlun fram að ganga fá miðlunartillögur sáttasemjara meiri þýðingu en þær hafa nú hvort sem breytingar frv. (6. gr. liðir h-m) verða samþykktir eða nügildandi 9. gr. laga nr. 33/1978 verði tekin óbreytt inn í lög. Þegar búið er að fella allar viðræður í einn farveg liggur beint við að sáttasemjari leggi fram samhljóða miðlunartillögu sem tekur til alls vinnumarkaðarins.

#### **Sjá álit Lagastofnunar H.Í. bls. 24 og 28.**

#### **e. (24. gr.)**

Samningsaðilar geta hvenær sem er eftir útgáfu viðræðuáætlunar óskað milligöngu sáttasemjara eða aðstoðar hans og skal hann þá þegar beita sér fyrir því að samningaumleitanir fari fram í samræmi við viðræðuáætlun. Samningsaðilar skulu gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum hvenær sem hann óskar þess.

Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðila eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Þegar sáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum meðan von er til þess að þær beri árangur.

Sáttasemjari tekur enn fremur við stjórn viðræðna eftir því sem ákveðið hefur verið í viðræðuáætlun. Honum er þó jafnan heimilt að fresta formlegri sáttameðferð og beina því til samningsaðila að þeir láti reyna á samkomulagsmöguleika í beinum viðræðum sín á milli telji hann það líklegra til árangurs. Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í

sí­nar hendur stjórn samningaviðræðna ef hann telur það heppilegt.

Ef tilkynning berst um vinnustöðvun skv. 16. gr. er sáttasemjara skylt að annast sáttastörf með deiluaðilum og stýra viðræðum þeirra.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Hér eiga sömu röksemdir við og raktar eru undir d-lið. Ríkissáttasemjara er almennt ætlað mun ríkara hlutverk en fyrr sem skapar þá hættu að lausn kjaradeilu brenni síður á samningsaðilum. Ábyrgðin færir yfir á ríkissáttasemjara og samningamáttur hans útvatnast. Samningsaðilar munu einbeita sér við að þræða forbundið og þröngt einstigi viðræðuáætlunar, viðræðna og ákvörðunar og boðunar vinnustöðvunar. Sitja síðan fastir í vinnustöðvun þegar eitthvað rofar til í raunverulegum samningaviðræðum sem reynslan segir að byrji ekki fyrr en herðir að aðilum. Loks er það svo að samninganefndir fresta ekki verkfalli nema þær sjái fyrir endann á kjaradeilu og enn síður mun vilji standa til frestana á verkfalli ef stéttarfélögum verður gert að starfa undir lögbvinguðum leikreglum um boðun verkfalls, sáttastörf og fleira.

**f. (25. gr.)**

Samningsaðilum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund sem sáttasemjari kveður þá til.

Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala sem farið hafa milli aðila í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur sem fram kunna að hafa verið bornar nema með samþykki beggja samningsaðila.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Í 4. mgr. 25. gr. laganna er viðhaldið banni við því að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum nema báðir aðilar séu samþykkir. Að nútímaviðhorfum er það lýðræðisleg skylda forsvarsmanna félaganna að skýra félögum sínum frá öllu sem fram fer á samningafundum. Tillagan gengur gegn stjórnarháttum sem Alþingi hefur fyrir löngu tekið afstöðu gegn með stjórnsýslulögum og lagaákvæðum um upplýsingaskyldu. Þau undantekningartilvik kunna að koma upp í kjaraviðræðum að nauðsynlegt sé að hefta upplýsingaflæði um stundarsakir. Það verður ekki gert nema með samþykki allra samningsaðila og aðeins um skamma hrið. Ella er brotið gegn stjórnarskrárbundnu tjáningarfrelsi.

**g. (26. gr.)**

Sáttasemjari getur krafist aðila vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafist allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Sjá sambærileg ákvæði 7. gr. laga nr. 33/1978. Ástæðulaust er að setja sérreglu um meðferð gagna sem trúnaðarmál. Hér má fylgja almennum stjórnsýslureglum.

**h. (27. gr.)**

Ef samningaumleitani sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félaga-sambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna félagsdeild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands eða tiltekið fyrirtæki getur sáttasemjari ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar eða fyrirtækisins.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Í 8. og 9. laga nr. 33/1978 er að finna sömu ákvæði og fram koma í frv. að öðru leyti en því að sáttasemjari getur samkvæmt frv. ákveðið að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til fyrirtækis. Þessi breyting felur í sér afskipti af því hvernig stéttarfélag kys að haga samningum um kjaradeilu og verkfalli. Breytingin er einnig til þess fallin að rjúfa samstöðu félagsmanna sem vinna í sömu starfsgrein en hjá mörgum fyrirtækjum. Á minni vinnustöðum eiga starfsmenn oft erfitt um vik í kjarabaráttu gagnvart óbilgjörnum atvinnurekanda sem kys að segja þeim upp sem hafa aðrar skoðanir á kjaramálum og fylgja þeim eftir. Viðkomandi starfsmenn verða að treysta á samstöðu í starfsgreininni. Þá opnar heimildin leið til þess að fjölmennur hópur einnar starfsgreinar ráðskist með réttindi annars, sbr. einnig fyrri athugasemdir um vinnustaðafélög. Hér er enn á ný vegið að réttindum minni stéttarféлага og leitast við að gera samnings- og verkfallsrétt þeirra óvirkan.

**i. (28. gr.)**

Telji sáttasemjari að það sé til þess fallið að leiða til friðsamlegrar samtímalausnar kjaramála er honum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum heimilt að leggja fram eina sameiginlega miðlunartillögu eða fleiri:

- a. að viðræður hafi átt sér stað um framlagðar kröfur, þar á meðal sérmál, eða að leitað hafi verið árangurslaust eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun,
- b. að tíma, sem ætlaður er til viðræðna milli aðila án milligöngu sáttasemjara samkvæmt viðræðuáætlun, sé lokið án þess að samningar hafi tekist,
- c. að sáttasemjari hafi leitað sátta milli allra samningsaðila sem eiga í hlut og telji ekki horfur á samkomulagi þeirra í milli,
- d. að samningar hafi verið lausir um tíma þannig að samningsaðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar,
- e. að aðilum vinnudeilu hafi gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara sem þeim hafa verið kynntar beint eða opinberlega um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu.

Sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun sameiginlegrar miðl-

unartillögu. Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnunum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Sáttasemjara er heimilt að láta sameiginlega miðlunartillögu ná til allra hópa sem eru með lausa samninga eða setja fram miðlunartillögu sem tekur aðeins til tiltekinna samningssviða, félagsdeilda eða fyrirtækja sem svo er ástatt um. Sú heimild er óháð aðild að félögum, samböndum eða samtökum atvinnurekenda og launafólks.

Samningsaðilum er þó heimilt að takmarka í viðræðuáætlun heimild sáttasemjara til að tengja framlengingu á hlutaðeigandi kjarasamningi framlengingu annarra kjarasamninga á óskyldum samningssviðum með sameiginlegri atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu.

### Alþýðusamband Íslands:

Í 28. gr. 1. nr. 80/1938 kæmi efnislega nýtt ákvæði sem þó er að hluta sambærilegt við það sem nú er að finna í 3. mgr. 9. gr. 1. nr. 33/1978. Samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd felur í sér verulega útvíkkun tengingarreglu og gríðarlega aukin völd ríkissáttasemjara frá því sem er í núgildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum. Þau skilyrði sem ríkissáttasemjara eru sett um beitingu reglunnar (staflíðir a–e) eru nánast gagnslaus frá sjónarhóli þess sem vill takmarka þetta vald.

Í a-lið er kveðið á um að tillaga megi ekki koma fram fyrir en viðræður hafi átt sér stað þar á meðal um sérmál eða árangurslaust hafi verið leitað eftir viðræðum í samræmi við viðræðuáætlun. Breyting frá drögunum að frumvarpi um breytingar á lögnum um sáttastörf í vinnudeilum frá í janúar er einkum sú að hér er gert ráð fyrir viðræðum um sérmál. Meginfalli skilyrðisins er hins vegar sá sami og var á drögunum frá í janúar, þ.e. að með þessu er engin trygging fengin fyrir því að viðræður séu ekki aðeins til málamynda.

Í b-lið er kveðið á um að tíma sem ætlaður var til viðræðna án milligöngu sáttasemjara skv. viðræðuáætlun sé lokið þan þess að samningar hafi tekist. Þetta skilyrði er algjörlega sjálfsagt og felur ekki í sér neina tryggingu fyrir alvöru viðræðum.

Í c-lið er kveðið á um að tillaga megi ekki koma fram nema ríkissáttasemjari telji að undangengnum sáttatilaunum að ekki séu horfur á samkomulagi milli aðila. Hér er skilyrði sem er háð nánast algjörlega frjálsu mati sáttasemjara.

Í d-lið er kveðið á um að tillaga megi ekki koma fram fyrir en samningar hafa verið lausir um tíma þannig að aðilum hafi gefist kostur á að þrýsta á um kröfur sínar. Hér er annað skilyrði sem er háð frjálsu mati sáttasemjara.

Í e-lið er að finna ákvæði sem ekki var að finna í drögunum frá í janúar um að aðilum verði að hafa gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við hugmyndir sáttasemjara um að leggja fram sameiginlega miðlunartillögu. Í sjálfu sér er góðra gjalda vert að lögfesta samráð milli aðila en í raun er þetta aðeins formregla sem sáttasemjari getur í sjálfu sér meðhöndlað sem slíka án þess að ætla slíku samráði að hafa efnislega þýðingu.

Í 2. mgr. 28. gr. yrði kveðið á um það að sameiginlegt atkvæðamagn allra þeirra sem sameiginleg miðlunartillaga tekur til ráði úrslitum um samþykkt eða synjun. Efnisleg breyting á drögunum frá í janúar er sú að beint bann er lagt við því í þessu frumvarpi að tengja með sameiginlegri miðlunartillögu samningsaðila á almennum vinnumarkaði og svo þá sem lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til.



Þessi breyting á janúardrögum vekur sérstaka athygli, enda verður ekki séð hvers vegna draga á skýr skil þarna á milli, ef á annað borð er miðað við tilætlan frumvarpshöfunda sjálfra.

Með samþykkt frumvarpsins væru heimildir sáttasemjara til að tengja hópa saman við atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu verulega útvíkkaðar.

Í núgildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum (33/1978) segir í 9. grein:

*Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra.*

Meginbreytingin á þessari heimild sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins er að í stað þessarar takmörkunar við tengingu milli hópa sem eiga í kjaradeilu segi:

*Sáttasemjara er heimilt að láta sameiginlega miðlunartillögu ná til allra hópa sem eru með lausa samninga eða setja fram miðlunartillögu sem tekur aðeins til tiltekinna samningssviða, félagsdeilda eða fyrirtækja sem svo er ástatt um. Sú heimild er óháð aðild að félögum, samböndum eða samtökum atvinnureknda og launafólks.*

Í greininni kemur einnig fram að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum. Í heild má segja að með þessu séu völd sáttasemjara aukin stórkostlega frá því sem nú er og má benda á eftirfarandi atriði í því sambandi:

Félag sem hefur lausa samninga er hægt að frjálstri vild að tengja við fjölda annarra hópa sem ekki eiga einu sinni í kjaradeilu og ræður þá sameiginlegt atkvæðamagn allra á þessari nýju kjörskrá úrslitum um samþykkt eða synjun á miðlunartillögunni. Í þessu felst gífurlegt vald og þegar þetta er skoðað í samhengi við þá kröfu að fullur þriðjungur allra á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn miðlunartillögu til að fella hana sést hvað hér gæti verið í uppsiglingu — algert áhrifaleysi stórra hópa launafólks um sín mál.

**Dæmi:** Fiskverkafólk innan VMSÍ á í kjaradeilu sem öðrum þræði snýst um ráðningarrétt og atvinnuöryggi. Sáttasemjari getur ákveðið að höggva á þann hnút án þess að leysa í reynd málin með því að setja fram miðlunartillögu og tengja fiskverkafólkið við hópa sem ekki eiga í kjaradeilu, t.d. verslunar- og skrifstofufólk, atvinnuflugmenn, flugvirkja, járníðnaðarmenn og starfsfólk á veitingahúsum. Sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum.

Í frumvarpinu er tekin upp sú danska regla að samningsaðilar geti með samningum takmarkað möguleika sáttasemjara til að tengja saman hópa við afgreiðslu miðlunartillagna. En gert er ráð fyrir að þær takmarkanir verði settar inn í viðræðuáætlun. Verði af því er einfadlega búið að eyðileggja hugmyndina um viðræðuáætlun enda er viðræðuáætlun síðasti staðurinn þar sem þetta á heima. Hætt er við að þetta verði talið langmikilvægasta atriðið sem þar er hægt að semja um. Í stað þess að ganga frá áætlun um gang viðræðna fara fram harðar samningaviðræður um takmörkun á tengingarreglu. Afleiðingin gæti orðið sú að sáttasemjari gæfi einn út flestallar viðræðuáætlanir því gert er ráð fyrir að hann gefi út áætlun hafi aðilar ekki komið sér saman um hana innan tilskilins frests.

Eðlilegast er að takmarkanir á heimildum sáttasemjara til tengingar séu settar inn í rammasamning á borð við þann sem formenn landssambands ASÍ voru að semja um við atvinnurekendur þegar félagsmálaráðherra sleit þeirri vinnu með framlagningu umrædds frumvarps.

### **Bandalag háskólamanna:**

#### **i- til k-liðir:**

1. Lögbundinn réttur sáttasemjara gengur til beinna afskipta af kjaradeilu gegn meginhugmyndum um frjálsan samningsrétt og félagafrelsi, sbr. áðurnefnd ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegra skuldbindinga og ber því að takmarka þennan rétt sem allra mest enda verður með því einu móti tryggt að launamenn og vinnuveitendur beri sjálfir fulla ábyrgð á gerðum sínum.

2. Ákvæðið um afgreiðslu á miðlunartillögu felur í sér alvarleg afskipti af innri málefnum félaga sem engin haldbær rök eru fyrir og stríða þessi áform gegn 87. samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Hér er vísað til ákvæða um leynilega atkvæðagreiðslu, ákveðið lágmarksháttökulutfall félagsmanna og að atkvæðagreiðsla fari fram undir stjórn aðila utan félagsins, þ.e. sáttasemjara.

3. Þessi breyting mun draga úr lýðræðislegri ákvarðanatöku í stéttarfélagunum, annars vegar vegna þess að minnihluti félagsmanna getur í atkvæðagreiðslu fengið kjarasamning samþykktan gegn atkvæðum meirihluta og hins vegar vegna þess að félagsmenn í einu félagi, sem allir eru gegn samþykkt kjarasamnings, geti eigi að síður orðið að lúta þeirri ákvörðun vegna samþykktar félagsmanna annarra stéttarféлага eða vegna hjásetu þeirra. Þetta fyrirkomulag stríðir gegn öllum hugmyndum um félagafrelsi og frjálsan samningsrétt og er algerlega óásættanlegt.

4. Alls ekki eru gerðar hliðstæðar kröfur til atkvæðagreiðslu af hálfu vinnuveitenda, þ.e. kröfur um beina þátttöku eigenda (hlutafjár) í ákvörðun um miðlunartillögu. Jafnræðisreglu stjórnarskrár er því ekki gætt í þessu tilliti.

### **Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Með frv. fær sáttasemjari stóraukin völd til að leggja fram miðlunartillögur. Skilyrðin eru þannig orðuð að sáttasemjari getur nánast að vild komið fram með miðlunartillögur. Vald sáttasemjara að núgildandi lögum hefur verið vandmeðfarið og með það hefur verið farið að gát þótt á síðustu misserum hafi borið á stefnubreytingu. Þeir sem gerst þekkja vita að hér er um að ræða úrræði sem ekki á að beita nema flest sund samninga séu lokuð, en engu að síður megi vænta lausnar kjaradeilu með miðlunartillögunni. Ljóst er að frv. mun leiða til þess að úrræðinu mun verða beitt í ríkara mæli og það mun að sama skapi útvatnast og verða með tímanum ónýtt verkfæri til sáttá. Í hugmyndunum felst einnig að sáttasemjara er veitt vald til að þvinga stéttarfélög inn á kjarasamninga sem þau sætta sig ekki við. Er í þessu sambandi vísað til reglna um atkvæðagreiðslur og sameiginlegar miðlunartillögur og fleira. Lögbreytingun til gerðar kjarasamnings skapar óánægju og ólgu sem fyrr eða síðar leiðir til upplausnar. „Friðsamleg samtímalausn“ í anda frv. ber í skauti sér ófriðlega langtímaupplausn. Ákvæði frv. um heimild til að láta miðlunartillögu ná til allra hópa með lausa samninga er fráleit. Þar er sáttasemjara veitt heimild til að fella aðila undir miðlunartillögu sem ekki hafa komið í hús sáttasemjara með kjaradeilu sína og eiga jafnvel ekki í kjaradeilu. Hvernig á sáttasemjari að semja og setja fram miðlunartillögu gagnvart aðilum sem ekki hafa lagt fram kröfur? Hugmyndin ýtir undir fjölgun stéttarféлага og að stéttarfélög kjósi að hafa samninga sína lausa á öðrum tímum en almennt gerist og vinnur þannig þvert gegn meintum tilgangi frv. Frv. hefur að þessu leyti sem öðru yfirbragð stalínskrar forræðishyggju og miðstýringar.

**Vinumálasambandið:**

Mjög mikilvægt er að samræma lög um almenna vinnumarkaðinn og lög um opinbera starfsmenn .... Þess vegna er hér lagt til að niður falli í það sem segir: „Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.“

**Blaðamannafélag Íslands**

Frumvarpið er að mati félagsins bein ögrun við sjálfstæðan samningsrétt BÍ sem og fleiri stéttarfélag. Eins og frv. liggur fyrir getur ríkissáttasemjari stillt félagsmönnum frammi fyrir miðlunartillögu jafnvel áður en félagið hefur á nokkurn hátt hafið viðræður við sína viðsemjendur. Það er afar brýnt í jafnsérhæfðu starfi sem blaða- og fréttamennsku að samningar um laun og kjör og önnur réttindi og skyldur séu beint á milli þeirra aðila sem best þekkja til starfars, fulltrúa blaðamanna annars vegar og útgefenda hins vegar.

**Útgerðarfélag Akureyringa hf.:**

Í 1. mgr. þarf að koma fram að átt sé við öll eftirtalin skilyrði. Fella þarf út úr lið b. orðin „án milligöngu sáttasemjara“, því annars stangast skilyrðin á.

**Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis:**

Hugmyndir frv. um tengingar hinna ýmsu hópa inni í miðlunartillögu sáttasemjara eru óraunhæfar og í framkvæmd myndu þær leiða til þess að ýmsir hópar sem ekki ættu í raunverulegir kjaradeilu væru að óþörfu dregnir inn í þá deilu.

**Sjómannafélag Ólafsfjarðar:**

Samkvæmt frv. fær sáttasemjari völd til að tengja félög og hópa saman í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu, nánast að vild og óháð því hvort viðkomandi eiga í kjaradeilu. Nær ómögulegt yrði að fella miðlunartillögu þar sem fullur þriðjungur allra á kjörskrá yrði að greiða mótatkvæði. Þetta þýðir að ef mjótt yrði á mununum gæti samningur skoðast samþykktur þótt meiri hluti felldi hann í atkvæðagreiðslu þar sem yfir 66% allra taka þátt.

**Stéttarfélag sjúkráþjálfara:**

Sáttasemjari fær heimild til að bera fram miðlunartillögu ef samningar ganga ekki. Miðlunartillagan getur náð til allra stéttarféлага með lausa samninga og yrði því þannig úr garði gerð að í henni fælust aðeins almenn ákvæði en ekki sérákvæði einstakra féлага. Lítil stéttarfélag eins og Stéttarfélag sjúkráþjálfara. líkt og önnur aðildarfélag BHM, myndi drukkna í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu með stórum félögum eins og ASÍ. Kröfur ríkisstarfsmanna kæmust ekki einu sinni upp á samningaborðið.

**Félag leiðsögumanna:**

Vegna þess hvernig vinnu og ráðningu leiðsögumanna er háttáð er það okkar álit að erfitt sé að spyrða okkur saman við aðrar starfsstéttir. Því viljum við gera athugasemdir við þær greinar sem snerta sáttasemjara ríkisins (6. gr. i. og 6. gr. l.).

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Félagið mótmælir sérstaklega þeim áformum að hægt sé að telja upp úr einum potti atkvæði um miðlunartillögu hjá félögum á almennum markaði annars vegar og opinberum starfsmönnum hins vegar. Með þessu er sá grundvallarréttur tekinn frá einstökum félögum að taka með lýðræðislegum hætti afstöðu til samninga.

**Félag byggingariðnaðarmanna:**

Ákvæði sáttasemjara til að fella marga og jafnvel ólíka hagsmunahópa undir eina miðlunartillögu og eina sameiginlega afgreiðslu og gildir þá samanlagt afl atkvæða. Þetta ákvæði er tekið beint úr danskri löggjöf og er viðurkennt þar sem stórgallað enda sýna nýleg dæmi í Danmörku ófullkomleika þessa ákvæðis.

**j. (29. gr.)**

Aðilar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Sáttasemjara er heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að draga fram meginatriði úr miðlunartillögu til þess að auðvelda félagsmönnum þeirra að kynna sér efni hennar og taka málefnalega afstöðu til tillögunnar og áhrifa hennar á hag þeirra og afkomu. Öðrum aðila vinnudeilu er heimilt að vinna útdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína í samráði við sáttasemjara. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara fyrir en greidd hafa verið atkvæði um hana.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði við atkvæðagreiðslu allra atkvæðisbærra aðila eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal fara fram á kjörfundi sem standi í fyrir fram ákveðinn tíma. Ríkissáttasemjari getur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu ákveðið að atkvæðagreiðsla fari jafnframt fram utan kjörfundar á tilteknum stöðum eða svæðum. Í stað atkvæðagreiðslu innan og utan kjörfundar er ríkissáttasemjara heimilt að höfðu samráði við aðila vinnudeilu að ákveða að atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu fari fram með leynilegri almennri póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem lokið skal innan fyrir fram ákveðins tíma. Ríkissáttasemjari gefur að höfðu samráði við aðila vinnudeilu nánari fyrirsmáli um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, svo sem hvenær og hvernig hún skuli fara fram. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Í drögum að frv. um sáttastörf í vinnudeilum sem fram komu í byrjun þessa árs var tjáningarfrelsi forsvarsmanna stéttarféлага um miðlunartillögur heft. Fallið hefur verið frá þeim áformum. Ákvæði um að ekki megi birta miðlunartillögu öðrum en þeim sem hlut eiga að máli án samþykkis sáttasemjara eru tímaskekkja í fjölmiðla- og upplýsingaþjóðfélagi samtímans. Ákvæðið er dæmt til þess að verða marklaust. Miðlunartillögu verður að kynna félagsmönnum og þar með er hún á allra vitorði. Viðtækari lögbinding atkvæðareglna en að núgildandi lögum eru enn afskipti af innri málum félaganna eins og fyrir er rökstutt. Ákvæði um póstatkvæðagreiðslu er óljós og valdframsal til ríkissáttasemjara til að setja nánari fyrirsmáli um hana stenst illa stjórnskipun landsins. Er sáttasemjara ætlað að setja opinberar reglur þegar það hentar sem ganga framur eða eiga að koma í stað atkvæðareglna samkvæmt samþykktum

félaganna?

**k. (30. gr.)**

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

**l. (31. gr.)**

Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða, og þá minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá, er mótaskvæði.

**Alþýðusamband Íslands:**

Í 31. gr. l. nr. 80/1938 kæmi að formi til það sem nú er að finna í 12. gr. l. nr. 33/1978 en með allt öðru efnislegu innihaldi. Hér er á ferðinni það sama og kom fram í drögum frá í janúar um það að til að fella miðlunartillögu þurfa 33,3% atkvæðisbærna að greiða atkvæði gegn henni og að sjálfsgöðu meirihluta þeirra sem þátt taka.

Með þessari tillögu er efnt til þess að tvöfalda þann þröskuld sem er að finna í núgildandi lögum. Reglan er nú þannig að til að venjuleg meirihlutasjónarmið gildi þarf að lágmarki 35% þátttöku. Til einföldunar má segja að samkvæmt reglunni eins og hún er núna nægi 17,6% mótaskvæði til að fella miðlunartillögu. Augljóst er að með því að færa þennan þröskuld upp í 33,3% er nánast verið að tvöfalda hæð hans. Sýnt hefur verið fram á að þó að þátttaka fari nær 70% í atkvæðagreiðslu þar sem meirihluti er á móti tillögu getur eigi að síður farið svo að tillaga nái fram að ganga. Augljóst er að við slíkar aðstæður væru grundvallarsjónarmið þeirrar lýðræðishefðar sem við höfum búið við sett til hliðar. Reglan er því í eðli sínu ólýðræðisleg og felur nánast í sér að valdið til að fella miðlunartillögu er tekið af fólkinu í stéttarfélagunum.

Framsetning reglunnar í þeirri mynd sem er að finna í frumvarpinu er auk þess ekki heiðarleg. Þar er ekki að finna neina orðun á því hversu háan þátttökuþröskuld er verið að setja. Samt sem áður blasir við að sá þröskuldur getur við ákveðin skilyrði nálgast það að vera 70%. Reglan í þessu formi er algjörlega óásættanleg fyrir verkalýðshreyfinguna. Ekki hefur verið sýnt fram á að nein sérstök þörf sé á að hækka þann þröskuld sem er að finna í núgildandi lögum enda hefur verið tiltölulega óalgengt að miðlunartillögur hafi verið felldar. Sé valdi sáttasemjara til að setja fram miðlunartillögur hafi verið felldar. Sé valdi sáttasemjara til að setja fram miðlunartillögur beitt með hófsömum og eðlilegum hætti er auk þess morgunljóst að þannig yrði það áfram þó að ekki verði gerðar breytingar á núgildandi lögum að þessu leyti.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Hér er lögð til ný útgáfa atkvæðareglu sem er sýnu verst og felur í sér brýnt brot á grundvallar lýðræðisreglum og mannréttindum. Ef gert er ráð fyrir að deildar meiningar séu um miðlunartillögu meðal þeirra sem atkvæðisrétt hafa og allt að þriðjungur þeirra fella hana felur frv. í sér kröfu um að mjög aukið hlutfall félagsmanna verði að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Hér eru á ferðinni atkvæðareglur sem veita minni hluta félagsmanna aukinn rétt á kostnað lýðræðislegs meiri hluta og hafa bein, alvarleg áhrif á innri málefni og skipulag stéttarféлага. Í dæmaskyni má nefna að miðlunartillaga telst

samþykkt ef 1.990 greiða atkvæði á móti en 1.970 með í 6.000 manna félagi, þrátt fyrir 66% þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Að sömu reglu telst tillaga samþykkt ef 3.999 greiða atkvæði á móti en 3 með í 12.000 manna félagi eða samsteypu félaga í sameiginlegri atkvæðagreiðslu, sbr. ákvæði 28. gr. frv. um sameiginlega atkvæðagreiðslu. Af orðalagi þessara atkvæðareglna verður ekki annað ráðið en að óvirkur meiri hluti félagsmanna Verslunarmannafélags Reykjavíkur, svo dæmi sé nefnt, geti með því að greiða ekki atkvæði orðið til þess að miðlunartillaga telst samþykkt sem aukinn meiri hluti félagsmanna undirritaðra félaga greiða atkvæði gegn. Ákvæðið er andstætt mannréttindaákvæðum um félagafrelsi og felur í sér slíkar takmarkanir á því að vandséð er hvernig ríkisstjórn getur svarað fyrir þær og aðrar reglur frv. svo sem fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu og öðrum alþjóðlegum stofnunum. Stéttarfélög geta ekki starfað að markmiðum sínum og verndað hagsmuni sína og félagsmanna sína ef unnt er að kúga þau til hlýðni við miðlunartillögu með andlýðræðislegum atkvæðareglum. Það samrýmist ekki orðalagi og tilgangi 1. og 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og annarra mannréttindaákvæða sem getið er í inngangi. Lögþvingun samninga með þeim hætti sem hér er lýst kemur auk þess í veg fyrir þróun sem nú er í gangi í átt til stærri félagseininga verkalýðsfélaga.

#### **Verkamannasamband Íslands.**

Frv. gerir ráð fyrir að til að fella miðlunartillögu þurfi 33,3% atkvæðisbærra að greiða atkvæði gegn henni og að sjálfsögðu að meiri hluti þeirra sem þátt taka. Kröfurnar um þátttöku og afgreiðslu miðlunartillögu eru þannig í reynd að nær útilokað er að fella miðlunartillögu, sjá dæmi í umsögninni á bls. 4. Sennilega felur þetta ákvæði í frv. í sér eina verstu aðförina að hreyfingunni sem í því er og er í raun ráðagerð um brot á meginreglum þeirrar lýðræðishefðar sem við búum við.

#### **Véltjórafélag Íslands:**

Hér eru lagðar til verulegar breytingar varðandi meðferð á miðlunartillögu frá sáttasemjara sem fela það m.a. í sér að þeir sem sitja heima og taka ekki afstöðu til afgreiðslu tillögunnar eiga að ráða meiru um afgreiðslu hennar en þeir sem greiða atkvæði. Hér er um ákvæði að ræða sem gengur þvert á hugmyndir manna um lýðræði og því óásættanlegt með öllum.

#### **Útgerðarfélag Akureyringa hf.:**

6. gr. I. er í algjöru ósamræmi við aðrar greinar laganna. Sömu skilyrði verða að gilda um miðlunartillögu og aðrar tillögur að kjarsamningum, sbr. greinar 5 og 15. Með því fyrirkomulagi sem kynnt er í 6. gr. I. frv. er ríkissáttasemjara falið mun meira vald en „aðilum vinnumarkaðarins“.

#### **Verkalýðsfélögin á Snæfellsnesi:**

Dæmi II. Sáttasemjari leggur fram miðlunartillögu sem nær til 15000 félagsmanna á tilteknu sviði. 40% taka þátt í afgreiðslu um miðlunartillögu: Já segja 1000, nei segja 4999. Í venjulegum opnum kosningum þar sem meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum væri tillagan felld með 83% atkvæða gegn 17%. Niðurstaðan samkvæmt fyrirbyggjandi frv.: Tillagan samþykkt. Eitt atkvæði vantaði upp á að nei-atkvæði fylltu þriðjunginn.

**m. (32. gr.)**

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þykir þurfa.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Í ljósi rýmkaðra heimilda sáttasemjara til að setja fram miðlunartillögur og lögbvingaðra atkvæðareglna eru brostnar forsendur fyrir því að sáttasemjari geti borið fram miðlunartillögur að vild. Ríkissáttasemjara er fyrst og síðast ætlað hlutverk milligöngu en ekki forræðis um lausn kjaradeilu. Er brýn þörf á að takmarka vald sáttasemjara að þessu leyti og setja öryggisventil fyrir miðlunartillögum sem eru á móti vilja annars eða beggja sammingsaðila.

**n. (33. gr.)**

Ef sáttatilaunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt sem hann álítur heppilegastan til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

**o. (34. gr.)**

Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðila vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillögunu sér sáttasemjari um að aðilar gangi frá samningum sín á milli.

**p. (35. gr.)**

Nú hefur sáttaumleitunum sáttasemjara lokið án árangurs og ber honum þá að hefja þær á ný ef annar hvor aðili óskar þess eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðilum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti síðustu samningatilaunum sínum.

**q. (36. gr.)**

Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðila eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og hins helsta sem fram fer.

**r. (37. gr.)**

Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

**Vinnuveitendasamband Íslands:**

VSÍ lýsir stuðningi við þau ákvæði frv. sem miða að bættu skipulagi samningaviðræðna. Um það markmið var raunar full sátt í nefnd félagsmálaráðherra eins og tillögur í áfangaskýrslu vitna þar var að sönnu gert ráð fyrir að heildarsamtök vinnumarkaðar hefðu forgöngu um gerð viðræðuáætlana. Það atriði var tilnefnt til gagnrýni og hefur ráðherra komið til móts við þau sjónarmið með því að gera öllum sammingsaðilum að gera viðræðuáætlun. VSÍ hefur efasemdir um að sú breytig sé til bóta því af sjálfu leiðir að ekki verða gerðar 300–400 viðræðuáætlanir vegna endurnýjunar

kjarasamngna hverju sinni. Eðlilegra hefði verið að halda fast við tillögur nefndarinnar og ætla heildarsamtökunum að marka ramma um það hvernig haga beri skipulagi samningaviðræðna hverju sinni.

VSI telur einnig skynsamlegt að skerpa á starfsskyldum sáttasemjara og lýsa nákvæmar heimildum hans líkt og s.s. frv. miðar að. Samkvæmt því eru heimildir sáttasemjara þrengdar að nokkru frá því sem er að gildandi lögum. Á hinn bóginn væru heimildir hans skýrari og því meiri möguleikar á að beita þeim í sæmilegri sátt.

Eins og fram kemur í frv. eru fyrirmyndir þess sóttar í löggjöf grannlandanna þar sem sáttasemjari hefur víða haft mikil áhrif á framvindu samningaviðræðna og samningsgerð. Skýrar heimildir til að leggja fram miðlunartillögu ásamt reglum um það að mikið þurfi til að fella slíka tillögu er beinlínis til þess fallin að greiða fyrir beinum samningum milli deiluaðila.

Til þess að sáttasemjari hafi nauðsynlega aðstöðu til að stuðla að friðsamlegri lausn kjaramála virðist VSI þó að einn mikilvægan þátt skorti þar á. Það er skýr heimild til að fresta boðaðri vinnustöðvun. Þannig getur sáttasemjari í Noregi frestað vinnustöðvun um allt að 14 sólarhringa, en það getur verið honum afar mikilvægt ef t.d. á að leggja fram miðlunartillögu. Mikilvægt er að sáttasemjari grípi ekki fram fyrir hendur samningamanna aðila meðan samningaviðræður eru í gangi og vinnustöðvun ekki yfirvofandi. Telji sáttasemjari sig hins vegar geta leyst deilu með miðlunartillögu er óeðlilegt að til vinnustöðvunar komi ef hún hefur fyrirsjáanlega engan tilgang þar sem beðið sé miðlunartillögu sáttasemjara eða úrslitaatkvæðagreiðslu um hana. Við þær aðstæður ætti sáttasemjari t.d. tvímælalaust að geta frestað framkvæmd boðaðrar vinnustöðvunar. Fleiri tilvik gætu réttlætt slíkt inngríp, s.s. miklar líkur á samkomulagi eða samræming á tímasetningum þegar hætta væri á að boðaðar vinnustöðvanir stéttarfélagi og atvinnurekenda gætu stígmagnað deilur umfram það sem sáttasemjari teldi tilefni til.

#### **Verslunarmannafélag Reykjavíkur:**

Sáttasemjara eru fengin mikil völd í frv. Það sem einkum er athugasvert er vald sáttasemjara til að tengja ýmis félög saman í atkvæðagreiðslu, jafnvel félög sem ekki standa í kjarabaráttu. Vald sáttasemjara verður því mikið og getur leitt til óeðlilegrar niðurstöðu. Til dæmis getur sáttasemjari tengt atkvæðagreiðslu iðnaðarmannafélaga við atkvæðagreiðslu VR sem getur leitt til þess að þó svo að allir iðnaðarmenn greiði atkvæði gegn miðlunartillögu þá gæti hún samt verið samþykkt með atkvæðum VR. Þetta getur tæpast flokkast undir aukið lýðræði.

Einnig er gagnrýni vert hve hlutfall þeirra sem greiða þurfa atkvæði gegn miðlunartillögu er hátt. Slíkt hlýtur að leiða hugann að skiptingu félaga íminni einingar sem leiðir til fleiri stéttarfélagi. Fyrir VR þýðir þetta t.d. að þó 4.000 félagsmenn greiði atkvæði gegn miðlunartillögu og engin með er hún samt samþykkt! Hér er um hróplegt misvægi atkvæða að ræða eftir skoðunum manna.

#### **Sveinafélag málmíðnaðarmanna:**

Í frv. er gert ráð fyrir auknu valdi sáttasemjara. Þetta á sérstaklega við um meðferð miðlunartillagna. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að samningsaðilar geri viðræðuáætlanir. SMA telur að slík viðræðuáætlun geti verið til bóta en telur ekki ástæðu til að festa það í lög. Heppilegra er að samningsaðilar komi sér saman um vinnureglur og geri samning



um það sín á milli.

**Iðjupjálfafélag Íslands:**

Frv. leiðir til aukinnar miðstýringar á vinnumarkaði með því að leggja öllum stéttarfélögum á herðar að semja við vinnuveitendur um viðræðuáætlanir og viðræðuferil, stýra öllum stéttarfélögum inn í einn viðræðufarveg og veita sáttasemjara viðtækar heimildir til að þvinga fram samtímalausnir á öllum lausum kjarsamningum. Þannig vegur frv. að frjálsum samningsrétti einstakra stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra. Nái þessi ákvæði fram að ganga, þ.e. breytingar á ákvæðum um sáttastörf í vinnudeilum, getur það leitt til þess að stéttarfélög háskólamanna verði í raun algerlega svipt samningsrétti. Það stríðir gegn ákvæðum 74. gr. stjórnarskrár Íslands og anda 87. og 98. samþykka Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar.

**Félag byggingamanna Eyjafirði, Verkalýðsfélag Borgarness og**

**Iðnsveinafélag Suðurnesja:**

Í frv. er gert ráð fyrir auknu valdi sáttasemjara. Þetta á sérstaklega við um meðferð milunartillagna. Samkvæmt frv. hefur sáttasemjari ótakmarkað vald til að ákvarða til hverra tillagna á að ná. Ef honum sýnist svo getur hann látið tillöguna ná til allra sem eru með lausa samninga án tillits til þess hvort þeir eru aðilar að samningaviðræðunum eða ekki. Með þessu getur sáttasemjari svipt félögin samningsréttinum með einhliða framsetningu miðlunartillögu. Í núgildandi lögum er sáttasemjara tryggð veruleg völd og er engin sjáanleg ástæða til að breyta því.

**Verkalýðsfélagið Hvöt:**

Vald sáttasemjara er gert ógnvænlega mikið.

**Flugfreyjufélag Íslands:**

Þá mótmælir Flugfreyjufélagið auknum völdum ríkissáttasemjara í kjardeilu stéttarfélaganna þar sem gert er ráð fyrir að hann hafi heimild til að binda stéttarfélög við sameiginlega miðlunartillögu með reglum sem eru óviðunandi. Það að 33% atkvæðisbærra félagsmanna þurfi til að fella miðlunartillögu er ólýðræðislegt.

**Málarafélag Reykjavíkur:**

Samkvæmt frv. er hlutverk sáttasemjara stóraukið miðað við það sem segir í gildandi lögum um sáttastörf. Umsjón með kjaraviðræðum fer nánast úr höndum aðila vinnumarkaðarins og inn á borð hjá ríkissáttasemjara. Sett eru skilyrði um lágmarkspáttöku í atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun og að „tiltekið hlutfall“ allra félaga þurfi að styðja vinnustöðvun til að hún sé lögmæt. Ekki er nánar tekið fram hvert þetta „tiltekna hlutfall“ eigi að vera. Með þessu eru völdin enn tekin af trúnaðarmannaráðum einstakra stéttarfélaganna. Trúnaðarmannaráðin eiga sér langa og afar vel studda hefð. Þau byggja á fulltrúalýðræði sem hvarvetna er tíðkað og þykir reynast vel. Það fer því vart milli mála að ákvæði frv. takmarka bæði samningarétt og verkfallsrétt einstakra stéttarfélaganna. Samkvæmt frv. er ríkissáttasemjara veittur eins konar einkaréttur á að draga fram meginatriði miðlunartillögu þegar hún er kynnt. Öðrum aðilum vinnudeilu er hins vegar óheimilt að gera úrdrátt úr miðlunartillögu fyrir félagsmenn sína. Þessi ákvæði takmarka tjáningarfrelsi forsvarsmanna stéttarfélaganna og ber keim af ólýðræðislegri

forræðishyggju. Með frv. er komið í veg fyrir að sérkröfur verði ræddar þar sem þeim yrði ýtt út af borðinu.

#### **Verslunarmannafélag Húsavíkur:**

Almennt gerir frv. ráð fyrir að völd ríkissáttasemjara aukist og þar með möguleikar atvinnurekenda á að semja ekki við félögin. Möguleikar stjórnvalda á hverjum tíma aukast einnig til að hafa áhrif. Mörgum hefur þótt nóg um afskipti stjórnvalda af kjarasamningagerð. Afskipti sem oft hafa þýtt lögboð í frjálsa samninga. Eins og flestum er kunnugt hefur Alþjóðavinnuárástofnunin lýst áhyggjum sínum yfir afskiptasemi íslenskra stjórnvalda á kjarasamningagerð.

#### **Rafiðnaðarsamband Íslands:**

Völd sáttasemjara eru með frv. stóraukin. Þær reglur sem vitnað er til frá Danmörku hafa valdið miklum deilum þar í landi og er nú unnið að því að breyta þeim.

#### **Verslunarmannafélag Skagfirðinga:**

Í 6. gr. er rætt um heimildir sáttasemjara til að tengja saman hópa við atkvæðagreiðslur. Í því sambandi þykir okkur rétt að ítreka að það er fullkomlega óeðlilegt að tengja saman alls óskylda hópa í atkvæðagreiðslur þar sem sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun á miðlunartillögu. Í þessu felst mikið vald og ekki síst ef skoðað er í þessu sambandi að fullur þriðjungur allra á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn miðlunartillögu til að fella hana en ekki þessi einfaldi meiri hluti sem gildir í lýðræðisþjóðfélögum. Því verður niðurstaðan sú: Algert áhrifaleysi stórra hópa launfólks um sín mál. Það er því deginum ljósara að með þessu er félagsmönnum gert mun erfiðara fyrir en nú að hafa áhrif á, breyta eða fella það sem gert er af stjórn stéttarfélags, samninganefnd eða sáttasemjara. Hvar tíðkast það að því sé slegið föstu að þeir sem sitji heima í atkvæðagreiðslum segi já. Þá held ég að margar atkvæðagreiðslur hefðu farið öðruvísi!!

#### **Verkalýðsfélagið Fram:**

Með frv. er sáttasemjara færð gífurlega aukin völd. Sitji þar maður sem kys að ganga erinda atvinnurekenda og stjórnvalda hefur hann fullt vald á því. Gera má ráð fyrir að við vissar kringumstæður verði sáttasemjari undir miklum þrýstingi. Hann getur bundið stéttarfélög sem í engri deilu eiga við kjarsamning sem hugsanlega engan veginn hentar. Aðalatriði í þessu er þó að ef fara á eftir reglum sem í eðli sínu eru ósamngjarnar, ganga á rétt verkalýðsfélaga og eru settar í andstöðu við þau, þá vinna þær engum gagn, heldur þvert á móti.

#### **Eimskip:**

Í starfi nefndarinnar var gert ráð fyrir því að heildarsamtök vinnumarkaðar hafi forgöngu um gerð viðræðuáætlana. Það atriði varð tilefni gagnrýni af hálfu verkalýðsfélaganna. Ráðherra hefur komið til móts við þau sjónarmið með því að gera öllum samningsaðilum að semja viðræðuáætlun. Draga verður mjög í efa að sú breyting sé til bóta og að raunhæft sé að gera tugi eða hundruð viðræðuáætlana. Telja verður þó að þau ákvæði sem skerpa starfsskyldur ríkissáttasemjara og heimildir eins og frv. miðar að séu til bóta.

**Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:**

Alvarlegustu ágallar frv. felast í auknu valdi sáttasemjara til að þvinga fram miðlunartillögu og láta hana ganga yfir allan vinnumarkaðinn í óþökk þeirra sem hlut eiga að máli.

**7. gr.**

39. gr. laganna orðast svo:

Í dóminum eiga sæti fimm menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: Einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af félagsmálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, og tveir af Hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands, skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarrann. Sama á við þegar málsaðili er stéttarfélag eða samband stéttarfélaga utan heildarsamtaka launafólks gagnvart dómara, skipuðum af Alþýðusambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varadómendur er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. mgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Samtökum iðnaðarins til þriggja ára í senn. Iðnsveinaráð ASÍ tilnefnir sex menn og Samtök iðnaðarins tólf menn. Nefnd samtök nefna með sama hætti jafnmarga varamenn. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

**Sjómannafélag Reykjavíkur, Verkamannafélagið Dagsbrún og Félag íslenskra atvinnuflugmanna:**

Að frv. er skipan Félagsdóms í meginatriðum óbreytt. Færa má fram sterk rök fyrir því að skipan hans samrýmist ekki grunnreglum réttarfars um dómstólaskipan. Samkvæmt 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, skal hver málsaðili eiga rétt á réttlátri málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli þegar kveðið er á um réttindi hans og skyldur. Dómstóllinn getur fráleitt talist sjálfstæður og óvilhallur meðan VSÍ skipar einn dómara, ASÍ annan og félagsmálaráðherra hinn þriðja. Máls- og/eða hagsmunaaðilar skipa þannig þrjá af fimm dómendum. Þessi óviðunandi skipan verður hvað neyðarlegust þegar rekið er mál um ágreining sem stéttarfélag og ASÍ eru ekki samstiga um eða VSÍ og aðilarfélag þess. Skemmst er að minnast mála sem rekin voru fyrir Félagsdómi í árslok árið 1995 um uppsögn gildandi kjarasamninga. Þar var ASÍ á öndverðum meiði við Verkamannafélagið Dagsbrún og önnur stéttarfélag sem stefnt var fyrir Félagsdóm og aðstoðaði ASÍ stefnanda, VSÍ, með framlagningu yfirlýsingar án nokkurs samráðs við hin stefndu aðildarfélag sín. Í þessum málum átti ríkisvaldið ríkulegra hagsmuna að gæta þó ekki væri nema sem launagreiðandi. Þá er það þverbrestur að úrskurðir og dómur Félagsdóms eru endanlegir og verður almennt ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Það er andstætt grunnreglum réttarfars. Sama gildir um ákvæði

um aðild og forsvar mála. Þessir alvarlegu annmarkar á skipan Félagsdóms eiga einir sér að leiða til þess að dómstóllinn verði lagður niður og almennum dómstólum landsins falið hlutverk hans. Eftir breytingu á réttarfarsskipan landsins árið 1992 eru almennir dómstólar fyllilega hæfir til að ráða deilumálum um kjarasamninga til lykta með skjótvirkum hætti að viðhöfðu fyllsta réttaröryggi. Óbreytt skipan Félagsdóms mun fyrr en seinna verða skotspónn innlendra sem alþjóðlegra málaferla.

**Sjá einnig álit Lagastofnunar H.Í. um skipan Félagsdóms á bls. 26.**

**8. gr.**

Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 1. másl. 40. gr. laganna kemur: Félagsmálaráðherra.

**9. gr.**

Við 56. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Skattyfirvöld skulu veita nauðsynlegar upplýsingar um fjölda starfsmanna fyrirtækis vegna réttarstöðu vinnustaðarfélags, sbr. 3. mgr. 2. gr.

**10. gr.**

Við 70. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Ábyrgð skv. 2. mgr. 8. gr. varðar þó ekki sektum.

**11. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði III. kafla laganna, 20.-37. gr., gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og gefa þau út svo breytt.

**Samband íslenskra bankamanna:**

Það er undirstrikað að lögin verði svo frágengin að skýrt komi fram í þeim hvenær þau gildi og hvenær lögin nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. Á þetta sérstaklega við um II. kafla frv. og síðari hluta III. Í samræmi við ofangreint er þess krafist að 11. gr. frv. hljóði þannig:

Ákvæði III. kafla laganna, 20.-37. gr., gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til. **Þá gilda áfram óbreytt ákvæði laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.** Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og gefa þau út svo breytt.